



Förum hringinn

Námsspil í samfélagsgreinum með áherslu á landafræði

Elísabet Jean Skúladóttir

Sigfús Heimisson

Lokaverkefni til B.Ed – prófs

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Förum hringinn

Námsspil í samfélagsgreinum með áherslu á landafræði

Elísabet Jean Skúladóttir
Sigfús Heimisson

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennarafræði
Leiðsögukenningar: Ingvar Sigurgeirsson og Helgi Skúli Kjartansson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2013

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Edprófs í grunnskólakennarafræði. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

© Elísabet Jean Skúladóttir og Sigfús Heimisson

Prentun: Prentsmiðjan Bóksala kennaranema
Reykjavík, 2013

Ágrip

Lokaverkefni okkar byggir á námsspili sem hefur hlotið nafnið *Förum hringinn* og er hugsað sem námsgagn í samfélagsfræði. Markhópurinn er nemendur frá 1.–10. bekkjar ásamt því að foreldrar geta spilað líka því verkefnum í spilinu er þyngdarskipt. Byggt er á námsefni innan hvers aldurstigs, almennri þekkingu og skemmtilegum fróðleik. Námsspilið er borðspil með fjölbreyttum spurningum. Spurningarnar eru ferns konar; stuttar spurningar, langar spurningar, landshlutaskiptar spurningar og skemmtilegar spurningar sem tengjast ekki beint náminu heldur fá þær nemendur til þess að brosa og hafa gaman af. Nemendur þurfa að fara allan hringinn með því að svara spurningum, kasta teningi og færast á milli reita eftir því hvað teningurinn gefur til kynna. Sá sem er fyrstur að fara hringinn vinnur. Eftir að hafa prófað spilið og gert nokkrar breytingar á því varð spilið að raunveruleika.

Þakkarorð

Höfunda langar að þakka öllum þeim sem komu að verkefninu á einn eða annan hátt. Fyrst og fremst viljum við þakka Emil Sigurbjörnssyni fyrir hönnun á útliti spilsins og fyrirtækinu Samskiptum fyrir prentun og góða þjónustu. Davíð Snorri Jónsson fær þakkir fyrir yfirlestur verkefnisins og Jón Þór Þorgeirsson fyrir aðstoð við uppsetningu. Kristófer Máni Jónsson, Valdís Anja Einarsdóttir, Gabríel Davíð Hjálmarsson, Oddur Isar Þórsson, Kristína Katrín Þorsdóttir, Telma Sif Búadóttir og Hildur Björk Búadóttir fá öll þakkir fyrir að prófa spilið með okkur, þau stóðu sig eins og hetjur. Leiðbeinendur okkar, Ingvar Sigurgeirsson og Helgi Skúli Kjartansson fá þakkir fyrir leiðsögn, yfirferð og góðar ábendingar. Að lokum viljum við þakka samnemendum okkar fyrir samveruna og góð kynni á liðinni skólagöngu.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Þýðing leikja í skólstarfi	6
2 Tenging við Aðalnámskrá grunnskóla	10
3 Förum hringinn	13
3.1 Innihald	13
3.2 Gerð spilsins.....	13
3.3 Uppbygging spilsins.....	14
3.4 Leikreglur	15
3.5 Spilið prófað	16
4 Niðurstöður	18
5 Lokaorð	19
6 Heimildaskrá.....	20
7 Fylgiskjöl.....	24
7.1 Myndasafn.....	24
7.2 Spurningar	26
7.2.1 Spurningar fyrir 1.bekk	26
7.2.2 Spurningar fyrir 2.bekk	33
7.2.3 Spurningar fyrir 3.bekk	36
7.2.4 Spurningar fyrir 4.bekk	42
7.2.5 Spurningar fyrir miðstig	48
7.2.6 Spurningar fyrir unglिंगastig.....	63
7.2.7 Spurningar fyrir fullorðna	75

Inngangur

Í námi okkar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands höfum við fengið hafsþó af fróðleik bæði í leik og starfi. Við höfum verið í vettvangsnámi í ýmsum skólum og fengið að fylgjast með kennslu þar jafnt sem og að kenna sjálf. Við höfum setið í tímum í Háskóla Íslands, hlustað á reynda kennara miðla reynslu sinni og unnið verkefni af ýmsum toga út frá námsefni. Í gegnum þau ár sem við höfum verið að læra hefur þetta verkefni alltaf verið ofarlega í huga okkar og það er margt áhugavert að velja úr en þegar við hittumst og ákváðum að vinna verkefnið saman var námsspil efst í huga okkar beggja. Við höfum bæði brennandi áhuga á leikjum sem kennsluáferð. Við tókum sérstaklega eftir því í vettvangsnámi okkar hversu lítið er um námsspil í kennslu og okkur langaði að hanna spil sem getur gagnast vel við kennslu samfélagsgreina.

Fjölbreytni er mikilvæg í allri kennslu. Námsspil er ein af góðum leiðum til að hafa fjölbreytni að leiðarljósi. Við áttum okkur öll á því að leikur barna skiptir máli. Börn sækja í leiki og þeim finnst gaman að leika sér og þá sérstaklega ef einhver gefur sér tíma til að leika við þau. Námsspil má nota sem kveikju, upprifjun og námsefni. Námsspil geta gert námið skemmtilegra og í mörgum tilfellum gera nemendur sér ekki grein fyrir því að nám á sér stað á meðan spilað er. Ókostir námsspila í kennslustund geta verið þeir að það er tímafrekt að spila, tekur oft langan tíma að fá nemendur til að byrja spilið og svo getur myndast rígur á milli nemenda með mikið keppnisskap. Áriðandi er að huga að því að hafa sem fjölbreyttastar kennsluáferðir vegna þess að nemendur eru margir og misjafnir og það þarf að höfða til þeirra allra. Fjölbreyttar kennsluáferðir auka þekkingu, áhuga og virkni nemenda í námi. Sumir glíma við námsvandamál þar svo þeir ná ekki að halda í við hina og svo eru aðrir nemendur sem skara fram úr, klára verkefni sín á undan áætlun og þurfa að fá aukanámsefni svo þeir hafi eitthvað fyrir stafni.

Við ákváðum að gera námsspilið, sem við köllum *Förum hringinn*, vegna þess að okkur fannst vanta ítarlegra og skemmtilegra námsefni í landafræði og þá sérstaklega með áherslu á Ísland. Einnig fannst okkur vanta spil sem allir geta spilað saman óháð aldri eða getu. Börn geta spilað saman í kennslustund en svo má einnig nýta spilið heima fyrir eða til að mynda í sumarbústað þar sem spil eru gjarnan tekin upp. Við höfundar eigum börn sjálf og það er alltaf vandamál að finna spil þar sem þau geta verið með. Þau fá yfirleitt að vera „með“ en það eina sem er í boði er að þau hjálpi til við að lesa spurningar, færa á milli reita eða draga spurningar fyrir þá sem eldri eru. Með spilinu *Förum hringinn* er það okkar von að börn geti

tekið meiri þátt þegar spilað er við þá sem eldri eru. Námsspil fannst okkur skemmtileg og áhugaverð kennsluaðferð þar sem öll börn leika sér og við vildum hanna spilið þannig að allir geti spilað saman óháð getu.

Námsspil geta þjónað mismunandi tilgangi. Það er meðal annars hægt að nota það sem tæki til upprifjunar, þjálfunar á ákveðnum efnisatriðum og til að dýpka þekkingu og efla áhuga nemenda á efninu. Einnig vonumst við til þess að börn, hvort sem þau eru í skólanum eða heima með fjölskyldunni, hafi gaman af spilinu þannig að það efli áhuga þeirra á landi og þjóð.

Helstu markmið okkar með spilinu eru:

- Að nota námsspil sem kennsluaðferð.
- Að brjóta upp hefðbundna kennslu.
- Að auka þekkingu nemenda í samfélagsgreinum með áherslu á landafræði.
- Að allir geti spilað saman óháð getu.
- Að nemendur festi námsefni betur í minni.

Í þessari greinargerð verður fjallað um það hvernig leikir samhliða almennri kennslu geta hentað vel í kennslustundum. Í byrjun er stutt lýsing á verkefninu, rökstuðningur fyrir vali þess og helstu markmið. Næst er fjallað um þýðingu leikja í skólastarfi og vikið að kenningum og rannsóknum. Því næst tengjum við aðalnámskrá grunnskóla við verkefnið og að síðustu er kynning á spilinu, lokaorð og fylgiskjöl sem fylgja spilinu.

1 Þýðing leikja í skólastarfi

Kennsluaðferðir eru stöðugt að breytast og þróast og það er mikilvægur þáttur við kennslu í grunnskólum. Val á kennsluaðferðum getur verið erfið ákvörðun við undirbúning kennslu því það eru úr mörgum að velja. Kennarar þurfa að þekkja vel til kennsluaðferða ef vel á að fara (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 67). Hver kennsluaðferð hefur kosti og galla og það er undir kennaranum komið hver þeirra verður fyrir valinu því þær henta kennurum misvel. Leikir sem kennsluaðferð höfða ekki til allra kennara, sumir ná strax tökum á þeim á meðan aðrir gera það ekki (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 67). Leikir hafa marga kosti. Þeir eru meðal annars líklegir til að vekja áhuga nemenda og skapa fjölbreytta möguleika í kennslu (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 80). Þeir hafa margþætt gildi í skólastarfi. Þeir stuðla að tilbreytingu, fjölbreytni, hafa áhrif á samkennd í hópi og félagsanda. Sumir leikir eru til þess gerðir að efla hreyfifærni og snerpu, aðrir skerpa athyglisgáfu og enn fleiri má nota til að festa staðreyndir í minni, efla hugtakaskilning, orðaforða, rökhugsun og þjálfá málnotkun. Þegar leikir eru valdir í kennslustund er mikilvægt að hafa í huga að allir leikir hafa ákveðin takmörk. Jafnvel mjög skemmtilegir leikir duga aðeins í skamman tíma og því er gott að hafa nokkur spil til skiptanna (Ingvar Sigurgeirsson, e.d.).

Ingvar Sigurgeirsson (1999, bls. 9) skilgreinir kennsluaðferð í bók sinni *Litróf kennsluaðferðanna* sem það skipulag sem kennarinn hefur á kennslu sinni, samskiptum við nemendur, viðfangsefni og námsefni í þeim tilgangi að nemendur læri það sem keppt er að. Kennsluaðferðum er gjarnan skipt niður í flokka og mörg námsspil tilheyra flokki sem heitir þulunám og þjálfunaræfingar. Markmið þulunáms og þjálfunaræfinga er að kanna þekkingu nemenda og festa hana í minni en einnig að þjálfu leikni og efla færni á ákveðnu sviði. Kennsluaðferðir innan þessa flokks eru meðal annars þulunám, yfirheyrsla, endurtekningaræfingar, skriflegar æfingar og töflukennsla. Þessar kennsluaðferðir eru með elstu kennsluaðferðunum (Ingvar Sigurgeirsson 1999, bls. 70). Námsspil er hægt að nota til að brjóta upp þessar hefðbundnu kennsluaðferðir. Þau má til dæmis nota til upprifjunar og þjálfunar.

Leikir eru gagnlegir þegar kemur að námi. Þegar leikurinn hefst er nemandinn orðinn leikmaður og þegar hann fær krefjandi spurningu veur það þörf hans til að leita að rétta svarinu. Þegar nemandinn svarar rétt á sér stað styrking, það er að segja nemandinn fræðist á meðan hann spilar og það að svara rétt eykur líkurnar á því að hann vilji læra meira. Þegar afleiðing hegðunar eykur tíðni hennar kallast það styrking (Games that teach, bls. 7).

Leikir er stór hluti af lífi nemenda óháð aldri. Nemendur stunda leiki innan sem utan dyra, í tölvum, á internetinu og jafnvel í sínum. Eini staðurinn sem þau stunda ekki leiki reglulega er innan skólastofunnar en þó eru margir kennarar farnir að nota leiki og spil sem hjálpartæki innan kennslunnar. Robert J. Marzano (2010) segir í grein sinni *Using Games to Enhance Student Achievement* að hann hafi tekið þátt í yfir 60 rannsóknum sem unnar hafa verið af kennurum í þeim tilgangi að kanna hvaða gildi námsleikir eða spil hafa fyrir námsárangur barna. Hann bendir á að þessar rannsóknir hafi leitt í ljós að með notkun spila eða leikja hafi meðal námsárangur nemenda batnað um tuttugu prósentustig.

Athuganir hafa leitt í ljós að nemendur hafa meiri áhuga á námsspilum en hefðbundnum viðfangsefnum þrátt fyrir að inntakið sé það sama. Spil henta vel til að þjálfa notkun reglna og einnig þegar festa á í minni staðreyndir sem nemendur þurfa að læra (Ingvar Sigurgeirsson, 1976, bls. 2). Spil sem margir spila saman, jafnvel í hópum er góð kennsluáferð. Það hjálpar nemendum að vinna saman, læra að skiptast á, fara eftir reglum og hlusta á leiðbeiningar kennarans. Það er gott að nota leiki og spil til þess að lífga upp á kennsluna, breyta út af vananum og jafnvel að nýta þau þegar veður er vont og ekki er hægt að fara út í frímínútur (U.S. Department Health and Human Services, 2013). En leikurinn er ekki eingöngu til gamans gerður heldur er hann barninu nám og starf. Leikurinn er leið til þekkingar, sjálfsnáms og sjálfstjáningar og það ber að hafa í huga í öllu uppeldi og skólastarfi. Leikur og nám eru því greinar af sama meiði (Valborg Sigurðardóttir, 1992, bls. 48).

Það er hægt að hanna margskonar námsspil. Útbúin hafa verið spil sem eru einskonar afbrigði af þekktum spilum. Þau eru notuð til hliðsjónar en fá nýjan tilgang. Það er til dæmis hægt að nota spilin lúdó og dómínó og breyta þeim. Lúdó gæti því orðið lestrarlúdó og dómínó marföldurnardómínó. Nemendur geta einnig fengið það verkefni að hanna sitt eigið spil. Þetta er skemmtilegt, fjölbreytt og skapandi viðfangsefni (Ingvar Sigurgeirsson, 1976, bls. 3).

José P. Zagal, Jochen Rick og Idris Hsi (2006) nefna í grein sinni *Collaborative games: Lessons learned from board games* að til séu tvær hefðbundnar leikjaáferðir. Fyrri aðferðin er leikir sem byggjast á samkeppni milli þeirra sem spila, þ.e. samkeppnisleikir (e. *competitive games*). Þar spilar hver á móti öðrum í von um að enda sem sigurvegari. Dæmi um svona leiki eru skák, Trivial Pursuit, Monopoly og spil líkt og við leggjum fram með þessari greinargerð. Seinni aðferðin, samvinnuleikir (e. *cooperative*) eru leikir sem einn, tveir eða fleiri spila en spila ekki beint gegn hver öðrum heldur nota þeir samvinnu til að komast áfram. Gott dæmi um leiki af þessu tagi er vinsælasti leikurinn þessa dagana en hann heitir Candy Crush og er spilaður á netinu í gegnum Facebook. Þar spilar hver í sinni tölvu en

leikurinn er þannig í garð gerður að hann er þrepaskiptur. Innan hvers þreps eru nokkur borð og þú kemst ekki inn á næsta þrep nema með hjálp annarra sem eru að spila leikinn. Þú þarft að senda beiðni til þriggja einstaklinga sem eru að spila leikinn um að þeir hjálpi þér að komast inn á næsta þrep og þú kemst ekki inn fyrr en þeir hafa allir samþykkt beiðni þína. Þú getur einnig hjálpað öðrum með því að gefa þeim líf og eftir því sem þú gefur oftast líkurnar á því að þú fái líf að gjöf. Þrátt fyrir að þessar tvær aðferðir hafa verið viðurkenndar nefna höfundar greinarinnar að það sé til ein aðferð til viðbótar. Hana kenna þeir við hugtakið *collaborative*, en það eru leikir þar sem allir leikmenn spila saman sem eitt lið. Þar fellur eða stendur liðið sem heild. Gallinn við þessa tegund leiks er hugsanlega sá að innan hvers liðs geta verið liðsmenn sem fljóta með án þess að beinlínis taka þátt. Dæmi um slíka leiki er Alias, Pictionary og Actionary.

Fjölmargir fræðimenn hafa velt fyrir sér leik barna um áralangt skeið og hafa reynt að skýra þetta fyrirbæri frá ýmsum sjónarmiðum. Ýmsar kenningar hafa litið dagsins ljós en kenningar um mikilvægi leiks í námi ná hámarki í kenningum Fröbel (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls.11). Hann taldi að hægt væri að nota leiki og leikföng til þess að fanga athygli barna og örva þannig þroska þeirra, hæfni og þekkingu. Hann stofnaði til að mynda fyrstur leikskóla árið 1839 (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls.11). Leikskólar búa enn í dag að hugsjónum Fröbel og hafa þær að leiðarsljósi þótt framkvæmd þeirra sé með öðrum hætti en á dögum hans.

Fræðimaður að nafni Jean Piaget (1896–1980) setti fram margar áhugaverðar kenningar, m.a. um leikinn. Piaget sá leikinn sem endurspeglun á vitsmunaprofna barnsins og að sérhver áfangi eigi sér hliðstæðu í athöfunum barnsins í leik. Samkvæmt kenningum Piaget sækir barnið stöðugt meira í að leika við önnur börn eftir því sem það eldist. Þegar það er ungbarn getur það dundað sér eitt, af eigin hvötum en þegar á líður þarf barnið félagsskap annarra. Samkvæmt vitproskakenningu Piaget er talað um fjögur skeið í vitsmunaprofna mannsins. Fyrsta skeiðið kallar hann *skynhreyfiskeið* og er frá fæðingu til um tveggja ára aldurs. Á þessu skeiði nær barnið tökum á einhverri skynhreyfiathöfn og fer að endurtaka hana og æfa án þess að hún þjóni einhverjum tilgangi. Þessi athöfn er eingöngu ánægjunnar vegna og þessar ánægjulegu æfingar eru fyrsta leikform barnsins (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls. 35). Annað skeiðið kallar hann *foraðgerðaskeiðið* en það varir frá tveggja til sjö ára aldurs. Þetta er skeið tákneikja eða þykjustunnileikja eins og það er kallað í dag. Þá fer táknbundin hugsun að þróast og dafna með barninu (Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir, 1992, bls. 52). Á þessu skeiði tileinkar barnið sér tungumálið og

samhliða þróun málsins þróast tákneikur þeirra (Valborg Sigurðardóttir, 1991, bls. 39). Þriðja skeiðið kallar Pieget *skeið hlutbundinna aðgerða*. Þetta skeið varir frá um sjö til tólf ára aldurs en þar ná regluleikur yfirhöndinni, það er að segja leikir með ákveðnum leikreglum. Í leik barna á aldrinum sjö til tólf ára eru leikreglur mikilvægur þáttur. Þau þurfa ekki margar reglur en helst þurfa þau reglur til að þau átti sig á því hvernig leikurinn fer fram, hver vinnur og hver tapar. Of margar reglur flækja málið því börn geta ekki virt nema allra einföldustu reglur. Þau eiga enn erfitt með að taka tillit bæði til síns sjálfs og annarra sem spila við það í einu. Ef reglurnar stangast á við óskir þeirra og langanir brjóta þau reglurnar þótt þeim gangi ekkert illt til (Charles, 1981, bls. 31). Síðasta skeiðið kallar hann *skeið formlegra aðgerða*. Það varir frá 12 ára aldri. Á þessu skeiði er einstaklingurinn orðinn fær um að beita sértækri hugsun og tilgátuhugtökum og þekking er margbreytileg (Uppeldisáætlun, 1993, bls. 21).

2 Tenging við Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá er sett af mennta- og menningarmálaráðherra. Hún gegnir mörgum hlutverkum, hún er meðal annars helsta stjórnþæki fræðslufirvalda til að tryggja að samræmi sé innan alls skólastarfs og stuðlar að sameiginlegum markmiðum alls skólastarfs í landinu. Aðalnámskrá gerir stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólanna kleift að vinna saman eftir ákveðnum ramma sem hjálpar þeim við skipulagningu, framkvæmd og mat á skólastarfi sem þeim er skylt að útfæra til dæmis við gerð skólanámskrár en skólanámskrá er námskrá sem samin er innan hvers skóla fyrir sig. Aðalnámskrá veitir foreldrum og forræðamönnum mikilvægar upplýsingar um námsmarkmið á hverju skólastigi fyrir sig. Hæfniviðmiðum á hverju námssviði fyrir sig er lýst á nákvæman hátt og þar er hægt að sjá hvar hver nemandi á að vera staddur hverju sinni (Mennta – og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls.9).

Kennarar gegna lykilhlutverki í skólastarfinu. Góður kennari miðlar ekki einungis þekkingu sinni til nemenda sinna heldur ber honum að örva starfsgleði þeirra. Það getur hann gert með því að gefa þeim tækifæri til að leita sér þekkingar á eigin máta. Börn eru í eðli sínu forvitin og það er ein mikilvægasta forsenda náms og því er nauðsynlegt að kennari hafi fjölbreyttar kennsluaðferðir, skapi réttlátar vinnureglur og stuðli að hvetjandi námsumhverfi (Mennta– og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls.13). Kennarar bera þá ábyrgð að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni sem og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í Aðalnámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 14). Með tilliti til þess hversu mikilvægt er að kennarar hafi fjölbreyttar kennsluaðferðir, veki og viðhaldi áhuga nemenda sinna til náms fannst okkur tilvalið að hanna námsspil, enda er leikjum gert hátt undir höfði í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Í Aðalnámskrá stendur: „Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og unglinga getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls.24). Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari námsaðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast og þroskast. Leikur er unglingi jafn árangursrík leið til þroska og skilnings eins og barni á yngsta stigi grunnskóla. Það má koma leik inn í allar námsgreinar og námssvið með fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 38).

Við gerð Aðalnámskrá grunnskóla er byggt á fimm grunnþáttum menntunar. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Meðal þeirra grunnþátta sem tengja má spilin okkar er læsi, sjálfbærni og sköpun. Í læsi felst að búa yfir

þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Í spilinu er þetta mikilvægur þáttur því að til þess að taka þátt í spilinu er nauðsynlegt að geta lesið spurningarnar sem svara á, túlka þær, hvort sem það er gert fyrir þann sem á að svara eða þann sem spyr því oft ná börn ekki innihaldi textans og þá þarf að túlka hann fyrir þau. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti. Sjálfbærnina má tengja spilinu á þann máta að nemendur læra að spila saman, sýna hver öðrum virðingu, svara spurningum og vera ábyrgir fyrir sinni framvindu í spilinu og þeir læra að gæta réttlætis; að hver meðspilari fái að taka þátt. Skapandi starf eða sköpun felst í að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, sjá(hafa sýn), örva, (forvitni, áhuga, ímyndunarafli), leika, virkja innri kraft, skilja, vita, geta. Í spilinu kemur sköpunin fram með ýmsum hætti. Börn nota ímyndunaraflið þegar þau ferðast hringinn í kringum landið, þau sjá fyrir sér staðina sem þau lenda á í hverju kasti. Með hverri spurningu hvort sem þau geta geta svarað henni eða ekki á sér stað lærdómur og þau skilja og vita betur ákveðin atriði þegar búið er að svara spurningunni og útskýra ef þörf er á. Með sköpun má brjóta upp hefðbundna kennslu. Leikur fellur vel undir flokkinn sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 18-24). Leikur er mikilvæg námsaðferð sem yfir undir sköpunargleði nemenda og byggir upp frumkvæði. Förun hringinn byggir á langflestum þessara eiginleika sem nefndir voru.

Námsgreinarnar saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði flokkast allar sem samfélagsgreinar. Þær byggja einnig á þekkingu úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda. Samfélagsgreinar fjalla um samfélög og menningu.

Tilgangurinn með kennslu samfélagsgreina er að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og hvernig ber að nota þessi gildi til farsæls lífs. Í daglegu lífi fást nemendur við margar þær áskoranir sem lífið hefur upp á að bjóða og þar er samfélagsgreinum ætlað að hjálpa þeim við að takast á við þær í krafti skynsemi sinnar. Menntagildi þessara greina felst því í að þroska hæfni nemenda til að eiga góð samskipti við aðra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 195).

Markmið samfélagsgreina er að nemendur skilji þær hugmyndir og hugsjónir sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til auðlinda, umhverfis, menningar og sögu. Nemendur eiga að geta nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og nota rök til þess að móta afstöðu sína. Nemendur eiga að tileinka sér réttssýni, gildismat og ábyrgð en með því

læra þau að setja sig í spor annarra og sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir eigin hag, umhverfið og þjóðfélagið í heild (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 195-196).

Förum hringinn væri skemmtileg viðbót við það námsefni sem nemendur hafa fyrir. Hægt að nota það til þess að brjóta upp hefðbundna kennslu og gera námsefnið skemmtilegra og áþreifanlegra. Spurningarnar í spilinu eru mjög margar og þar má finna spurningar sem svara forvitni, vekja áhuga, skemmta, tengjast reynsluheimi nemenda og síðast en ekki síst fræða nemendur. Það eru eflaust til mörg álíka spil og okkar en við vildum koma með einhverja nýjung og töldum að getuskiptar spurningar væri góð viðbót við það sem komið er.

3 Förum hringinn

3.1 Innihald


Spilinu fylgja þessi gögn:

- Spilaborð
- Spurningaspjöld
- Spurningaspjöld fyrir 1-2 bekk
- Spurningaspjöld fyrir 3-4 bekk
- Spurningaspjöld fyrir miðstig
- Spurningaspjöld fyrir unglingastig
- Spurningaspjöld fyrir fullorðna
- Landshlutasurningar, norður, suður, austur og vestur
- Teningur
- Bílar

3.2 Gerð spilsins

Í upphafi höfðum við nokkuð fast mótaðar hugmyndir um það hvernig spilið ætti að líta út en vantaði fleiri hugmyndir þegar kom að því hvernig spilið ætti að ganga fyrir sig. Við leituðum til starfsmanns bókasafns á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og hann sýndi okkur námsspil sem hafa verið hönnuð sem lokaverkefni. Það var áhugavert að sjá hugmyndir fyrri nemenda og hvernig námsspil geta verið ólík og mörg. Á bókasafninu fundum við einnig margar bækur sem nýttust okkur við gerð spurninganna. Við fórum inn á vef Námsgagnastofnunnar, www.nams.is og kynntum okkur hvaða bækur tilheyrðu hverjum aldursflokki fyrir sig. Heimasíða Námsgagnastofnunnar er gagnlegur og skemmtilegur vefur og auðvelt er að finna það sem leitað er að. Þá leituðum við til verslunarinnar Spilavina í Reykjavík sem sérhæfir sig í spilum og púsluspilum. Starfsmaður verslunarinnar sýndi okkur hin ýmsu spil sem gætu gagnast okkur við hönnun okkar spils. Eftir þessar heimsóknir fengum við margar nýjar hugmyndir og spilið okkar varð að raunveruleika. Þegar við höldum áfram að hanna spilið og vinna í greinargerðinni rákumst við á marga veggi. Í byrjun ætluðum við að hafa spilið landshlutaskipt. Við ætluðum að skipta því í fjóra parta með púslmynstri en hugmyndina fengum við út frá spilinu *Disney Party & Co.* Það spil er ekki

byggt á grunnspjaldi sem brotið er saman eins og önnur spil þegar gengið er frá heldur eru púslin tekin í sundur og sett hvert og eitt í kassann. Út frá þessari hugmynd hefði verið hægt að velja á milli þess að spila allt landið í einu, tvo til þrjár landshluta í einu eða bara einn og einn landshluta. Þessi hugmynd okkar hélst alveg fram að síðustu stundu eða allt þar til að við ætluðum að prenta út spilið en þá gekk ekkert upp, það reyndist of kostnaðarsamt að láta skera það og of erfitt að ákveða hvaða svæði tilheyrðu hverjum landshluta fyrir sig og ákváðum við því að breyta spilinu. Við ákváðum að hafa spilið heilt og spilað yrði allt landið í einu en við litaskiptum landshlutunum þannig að ef nemandi er til að mynda staddur á Norðurlandi þá hefur hann val um að svara venjulegri spurningu og svari hann henni rétt má hann kasta teningnum og færa sig áfram um jafn marga reiti og teningurinn gefur til kynna. Hann getur líka valið að svara spurningu tengda Norðurlandi. Svari hann henni rétt fær hann að kasta teningnum og fá einn aukareit til viðbótar við það sem teningurinn gefur til kynna.



3.3 Uppbygging spilsins

Spilað er á grunnspjaldi með landakorti af Íslandi. Reitirnir eru í formi akbrautar með akreinar í báðar áttir því nemendur mega velja hvora leiðina þeir fara. Reitirnir eru litaðir. Litirnir sem eru einkennandi í spilinu eru gulur, rauður, grænn og blár. Leikmenn nota litla bíla, hver með sinn lit sem þeir færa á milli reita. Grunnspjaldinu sjálfu er skipt í fjóra hluta, hver með sinn lit.

Spurningarnar eru á lituðum spjöldum. Aðalspurningarnar í spilinu eru á svokölluðum regnbogaspjöldum en það eru spurningaspjöld sem eru röndótt; gul, rauð, græn og blá. Það eru fimm regnbogaspjaldabunkar. Einn fyrir 1.–2. bekk, annar fyrir 3.–4. bekk, þriðji fyrir miðstigi, fjórði fyrir unglíngastigi og fimmti fyrir fullorðna. Börn í 1.–4. bekk fá ekki landshlutaskiptar spurningar heldur eru þeirra spurningar einskonar lífsleiknisspurningar tengdar lífinu sjálfu, samfélagi okkar og að sjálfsögðu eitthvað um landið þeirra. Nemendur á miðstigi og unglíngastigi og fullorðnir fá spurningar sem tengjast viðkomandi landshluta; blár litur fyrir Norðurland, gulur fyrir Suðurland, rauður fyrir Austurland og grænn fyrir Vesturland. Hver landshluti á kortinu er litaður í sama lit og spjöldin sem honum fylgja.

3.4 Leikreglur

Þegar spilið er hafið byrjar yngsti keppandi og svo er farið sólarinnis. Það á ekki að kasta teningi eins og venja er heldur dregur keppandi eina spurningu og ef hann getur svarað henni rétt má hann kasta teningnum og fara áfram um jafn marga reiti og teningurinn gefur til kynna. Þegar kemur að sama leikmanni í næstu umferð dregur hann aftur spurningu, svari hann henni rétt fær hann að kasta teningnum,

annars þarf hann að bíða aðra umferð til þess að svara annarri spurningu og eiga möguleika á að komast áfram. Niðurstaðan er því sú að til þess að hafa möguleika á að kasta teningnum þarf að svara spurningunni rétt og komast þannig áfram um þá reiti sem tengingurinn segir til um. En til þess að allir fái tækifæri til að færast úr stað, þar



sem kunnátta nemenda er vitaskuld ólík, fá þeir sem ekki geta svarað fyrstu spurningunni rétt, eitt tækifæri. Þeir fá tækifæri til að svara annarri spurningu og eiga möguleika á að komast áfram um einhverja reiti. En þetta tækifæri á bara við um þegar þeim tekst ekki að svara þeirri fyrri, þeir fá ekki að svara annarri og komast lengra og þetta er eingöngu í boði í fyrstu umferð spilsins. Spurningarnar er misjafnar í hverjum bunka fyrir sig; erfiðar, miðlungs og svo auðveldar spurningar. Það er mikilvægt

að hafa auðveldar spurningar með því annars er hætta á því að nemendur finni fyrir óöryggi og vilji ekki taka þátt lengur. Einnig eru skemmtilegar spurningar inni á milli sem fá nemendur til að brosa og hafa gaman að. Það eru eflaust margar spurningar nokkuð þungar innan hvers aldursþóps en þótt nemendur geti ekki



svarað þeim í fyrstu tilraun eru samt góðar líkur á því að þeir muni svarið næst þegar spurningin kemur. Þessar spurningar geta virkað sem einskonar fróðleiksmolar.

Nemendur mega ráða hvar þeir byrja þegar spilað er. Ef einhver nemandi er til að mynda frá Selfossi þá má hann byrja þar, annar gæti byrjað á Djúpvogum og svo framvegis. Það eina sem skiptir máli er að nemandi þarf að enda þar sem hann byrjaði og þá hefur sá og hinn sami sigrað. Þegar einn leikmaður hefur komist hringinn stendur hann uppi sem sigurvegari og spilinu er lokið. En að sjálfsgöðu er ekkert sem bannar það að hinir haldi áfram, um að gera

að halda áfram því það er bara ávinningur, meiri lærdómur. Við ákváðum að hafa enga refsireiti, það er reiti sem eru neikvæðir, halda aftur af manni eða krefjast þess að leikmaður fari aftur um einhverja reiti. Slík ákvæði geta valdið neikvæðni og geta aukið líkurnar á því að einhver gefist upp og hætti að spila.

3.5 Spilið prófað

Spilið var prófað í tvígang. Í fyrra skiptið fengum við til liðs við okkur þrjú börn; eitt úr 1. bekk og tvö úr 4. bekk. Við vildum sjá hvort spurningarnar fyrir 1.–2. bekk og 3.–4. bekk hæfðu þeirra aldurshópi.

Þau voru mjög spennt og fannst þetta mjög

áhugavert spil. Við prentuðum spilaborðið út á góðan pappír og festum það á borðið. Við vorum

ekki búin að prenta allar spurningarnar á spurningaspjöldin svo við vorum einungis með 20 spurningar úr hverjum aldursflokki og handskrifuðum þær aftan á þau. Þau völdu sér sinn bíl hvert og fundu sér byrjunarreit. Þeim fannst rosalega gaman að fá að velja sér byrjunarreit og þessi sem var 6 ára tók sér dágóðan tíma til þess að velja. Hann æfir fótbolta og valdi sér stað þar sem hann hafði komið á til að keppa í fótbolta. Hin börnin völdu sér staðinn sem þau

fæddust á, annað var frá Mosfellsbæ og byrjaði þar og hitt var frá Hvammstanga og byrjaði því þar. Þau komust öll áfram í fyrstu tilraun og það mátti strax sjá smá keppnisskap en það sem okkur fannst skemmtilegast og áhugaverðast að sjá var að þau fylgdust vel með hvaða kennileiti tengdist hverjum reit og létu hina leikmennina vita hvar þau voru stödd. Það gekk vonum frammar að spila spilið. Þau

gátu svarað mörgum spurningum, sumar fannst þeim auðveldar en aðrar erfiðar. Erfiðu spurningarnar sátu samt sumar eftir hjá þeim þegar búíð var að segja þeim svarið. Þau sem voru í 3.–4. bekk fengu til að mynda spurningarnar *Hversu mörg bein eru í líkamanum?* og *Hver er stærsti vöðvi líkamans?* Þau vissu hvorugt svarið við þeim en þegar þau fengu svarið voru þau mjög áhugasöm og annað þeirra ætlaði, sko, að fara í skólann næsta dag og spyrja alla í bekknum að þessum spurningum. Þarna sáum við að þau sýndu áhuga hvort sem þau vissu svarið eða ekki. Helstu kostirnir við þetta spilakvöld voru því þeir að þeim fannst gaman að spila spilið og þeim fannst þau læra heilmargt af því hvort sem þau gátu svarað rétt eða



ekki. Þetta reyndi á hæfni þeirra að lesa, sýna tillitssemi þegar einhver annar var að lesa og þolinmæði þegar beðið var eftir svári því þau vildu svo ólm svara ef þau sáu að sá sem átti að svara var í vafa.

Í seinna skiptið fengum við til liðs við okkur fjögur börn. Tvö börn í 4. bekk og tvö í 7. bekk. Í upphafi spils völdu þau sér reit sem tengdist þeim á einhvern hátt rétt eins og hin gerðu. Þrjú af fjórum gátu svarað spurningu rétt í byrjun og komust áfram en ein stúlkan sem er í 4. bekk komst ekki áfram í fyrstu spurningu en hún fékk tækifæri til þess að svara annarri spurningu og svaraði þá rétt og komst því af stað.



Spilið gekk mjög vel og krakkarnir höfðu orð á því í miðju spili hversu gaman það væri að spila þetta tiltekna spil. Við bættum við fleiri spurningum í seinna skiptið, fórum úr 20 í

30. Börnunum fannst spilaborðið mjög aðlaðandi og þeim fannst skemmtilegt að skoða það á meðan þau ferðuðust hringinn. Stelpan í 7. bekk hafði orð á því að hún vildi fá spilið lánað til upprifjunar fyrir próf í lok vetrar. Þegar spilin var lokið settumst við niður með þeim og spurðum þau hvað þeim fannst um spilið, kosti þess og galla. Gallarnir fannst þeim vera að nokkrar spurningar voru erfiðar að þeirra mati, en við sem höfundar spilsins sjáum það ekki sem galla



því það er ekki skemmtilegt að spila spurningaspil þar sem þú getur svarað öllu rétt. Eitt af því jákvæða sem þau nefndu um spilið var getuskiptingin. Börnin úr 7. bekk sögðu að þau hefðu haft gaman af því að geta spilað við yngri systkin sín þar sem allir fengu spurningar við sitt hæfi.



4 Niðurstöður

Niðurstöður prófunar leiddu í ljós að spilið gekk upp, engar villur fundust á meðan spilað var. Spurningar sem við prófuðum reyndust innan hæfilegra marka hvað þyngdarstig snerti. Við lögðum upp með fimm markmið í byrjun og út frá niðurstöðum prófunar náðust þrjú af þeim. Þau eru:

- Að auka þekkingu nemenda í samfélagsgreinum með áherslu á landafræði.
- Að allir geti spilað saman óháð getu.
- Að nemendur festi námsefni betur í minni.

Erfitt er að fullyrða um þriðja punktinn. Nokkrum dögum eftir prófunina spurðum við börnin spurninganna sem þau gátu ekki svarað á meðan spilað var og þau mundu stóran hluta af þeim. Að þessu leyti teljum við að námsefnið festist betur í minni þeirra. Hin tvö markmiðin er erfiðara að heimfæra á spilið vegna þess að við höfum ekki fengið tækifæri til þess að nota það innan kennslustundar. Þessi tvö markmið voru:

- Að nota námsspil sem kennsluaðferð.
- Að brjóta upp hefðbundna kennslu.

Höfundar eru mjög sáttir við niðurstöðu prófunar.

5 Lokaorð

Í þessari greinargerð höfum við farið yfir gildi námsspila í kennslu. Notkun þeirra getur verið margvísleg, bæði til þess að læra og gera andrúmsloftið skemmtilegra innan kennslustofunnar. Námsspil geta einnig verið tilvalin í kennslu fyrir nemendur með sérþarfir og þá sem hafa ekki eins mikla námsgetu og aðrir. Kennarar gegna mikilvægu hlutverki í vali á kennsluaðferðum og við teljum það vera skyldu kennara að gera námsefnið eins bitastætt og hægt er og reyna að vinna með leikgleðina sem blundar í okkur öllum.

Þegar við vorum að vinna spilið sáum við smátt og smátt hversu margir kostir fylgja því að nota námsspil í kennslu. Við prófuðum spilið með börnum á mismunandi aldri. Við spurðum börnin okkar spurninga sem við ætluðum okkur að nota í þeirra aldursflokki og þau voru mjög áhugasöm að hjálpa. Fólkið í kringum okkur, lærðir kennarar sem og verðandi kennarar í námi, sýndu spilin mikinn áhuga og sögðu að þetta væri frábær nýjung sem vert væri að fá inn í kennslustofuna. Við teljum að þetta spil gæti verið góð viðbót við það námsefni sem fyrir er, bæði sem fróðleikur og skemmtun.

Við erum einstaklega ánægð með verkefnið okkar. Spilið hefur marga kosti, það auðvelt í notkun, fræðandi og hentar breiðum aldurshópi. Fallegir litir grunnspejaldsins og spurningabunkanna heilla og gera spilið áhugaverðara. Getuskiptar spurningar vekja áhuga barna og gefa þeim von um að þau geti öll spilað, hvert á sínu getustigi og verið óhrædd við að taka þátt.

Vinnan við verkefnið var virkilega krefjandi en um leið fræðandi og skemmtileg og við erum mjög ánægð með afraksturinn. Eftir að hafa farið í gegnum ferlið við gerð spilsins höfum við öðlast aukinn skilning á námsspilum í kennslu og fræðst heilmikið um námsefni samfélagsfræða í grunnskólum og teljum okkur á sama tíma betur í stakk búin til að kenna námsefnið.

Okkar von er ekki eingöngu sú að spilið nýtist kennurum sem og nemendum í skólunum heldur einnig innan veggja heimilisins þar sem allir fjölskyldumeðlimir eldri en sex ára ættu að geta spilað saman og haft af því gaman.

6 Heimildaskrá

- Charles, C.M. (1981). *Litla Piaget kverið*. (Jóhann S. Hannesson þýddi).
Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hrafnhildur Sigurðardóttir, Selma Dóra Þorsteinsdóttir og Svandís Skúladóttir (ritstjórar).
(1992). *Leikur og leikgleði*. Reykjavík: Fóstrufélag Íslands.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999a). *Litróf kennsluáðferðanna*.
Reykjavík: Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Að mörgu er að hyggja*.
Reykjavík: Æskan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (e.d.). Leikjavefurinn. Sótt af: <http://leikjavefurinn.is>
- Marzano, Robert J. (2010). Using games to enhance student achievement. *Educational Leadership* 67 (5), 71-73. Sótt af <http://www.ascd.org/publications/educational-leadership/feb10/vol67/num05/Using-Games-to-Enhance-Student-Achievement.aspx>
- Menntamálaráðuneyti Íslands. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti 2011*
Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Menntamálaráðuneyti Íslands. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti 2011 og greinasvið 2013*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
San Francisco, CA: Jossey-Bass/Pfeiffer.
<http://skrif.hi.is/samfelagsgreinar/files/2012/05/Samf%C3%A9lagsgreinar-dr%C3%B6g-7.-ma%C3%AD-2012.pdf>
- Steve Sugar. (1998). *Games That Teach: Experiential Activities for Reinforcing Learning*.
San Francisco: Jossey-Bass/Pfeiffer
- Uppeldisáætlun fyrir leikskóla*. Markmið og leiðir. (1993). Reykjavík:
Menntamálaráðuneytið.
- U.S Department of Health and Human Services. (2013). *Lesson plans: Games in the classroom: A teaching resource*. Sótt af
http://bblocks.samhsa.gov/educators/lesson_plans/classroomgames.aspx
- Valborg Sigurðardóttir. (1991). *Leikur og leikuppeldi*.
Reykjavík: Menntamálaráðuneytið

Zagal, J. P. og Rick, R og Hsi, I. (2006). Collaborative games: Lessons learned from board games. *Simulating & Gaming* 37(1), 24-40. Doi: 10.1177/1046878105282279

Heimildaskrá fyrir spurningar í spilinu Förum hringinn

Ari Trausti Guðmundsson. (1993). *Landið, umhverfið og við*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Arvid Joelsson, Glerups Förlag og Göran Andersson.(2001). *Landafræði handa unglingum* (1.hefti) (Þorsteinn Þorsteinsson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun. (Upphaflega gefin út 1991/92).

Arvid Joelsson, Glerups Förlag og Göran Andersson. (1996). *Landafræði handa unglingum* (2. hefti) (Þorsteinn Þorsteinsson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun. (Upphaflega gefin út 1991/92).

Árný Elíasdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2008). *Verum saman: Í frímínútum* (2.útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Bengt Ake Hager. (1993). *Samferða um söguna* (Sigurður Hjartarson þýddi). Reykjavík: Mál og menning. (Upphaflega gefin út 1985).

Birgir Loftsson. (2005). *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir. (2003). *Spor 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnar J. Gunnarsson. (2009). *Maðurinn og trúin: Trúarbragðafræði handa grunnskólum* (4. útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (2001). *Komdu og skoðaðu: Líkamann*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (2003). *Komdu og skoðaðu: Eldhúsið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Gunnhildur Óskarsdóttir og Ragnheiður Hermannsdóttir. (2002). *Komdu og skoðaðu: Bílinn*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Halldóra Kristinsdóttir og Kristín Á. Þorsteinsdóttir. (1995). *Ísland áður fyrr: Heimilið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Halldóra Kristinsdóttir og Kristín Á. Þorsteinsdóttir. (1997). *Ísland áður fyrr: Störfin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Halldóra Kristinsdóttir og Kristín Á. Þorsteinsdóttir. (1999). *Ísland áður fyrr: Menntun til munns og handa*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Helga Ólafsdóttir, Iðunn Steinsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir. (2000). *Í sveitinni með Æsu og Gauta*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Helgi Skúli Kjartansson. (2010). *Frá Róm til Þingvalla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hilmar Egill Sveinbjörnsson. (2010). *Evrópa*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hilmar Egill Sveinbjörnsson. (2012). *Um víða veröld*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólrún Harðardóttir. (2006). *Komdu og skoðaðu: Hvað dýrin gera*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. (1997). *Kristinfræði: Birtan*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. (1998). *Kristinfræði: Stjarnan*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Iðunn Steinsdóttir og Sigurður Pálsson. (2000). *Kristinfræði: Regnboginn*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jóhanna Karlsdóttir og Sigrún Helgadóttir. (2003). *Komdu og skoðaðu: Landnámið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jón Guðmundsson. (2007). *Komdu og skoðaðu: Tæknina*. Reykjavík : Námsgagnastofnun.
- Ketil Knutsen og Synnøve Veinan Hellerud. (2011). *Frelsi og velferð* (Gunnar Karlsson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Ketil Knutsen, Sigríð Moen og Synnøve Veinan Hellerud. (2011). *Styrjaldir og kreppa* (Gunnar Karlsson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Kristín Snæland. (2010). *Norðurlönd*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Leifur Reynisson. (2009). *Sögueyjan* (1.hefti). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Leifur Reynisson. (2010). *Sögueyjan* (2.hefti). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Leifur Reynisson. (2011). *Sögueyjan* (3.hefti). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Ragnheiður Hermannsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. (1997). *Lítið eitt um byggð í Reykjavík*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Harðardóttir. (2002). *Komdu og skoðaðu: Himinninn*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Harðardóttir. (2005). *Komdu og skoðaðu: Hafíð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2012). *Víkingaöld: Árin 800–1050*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2001). *Komdu og skoðaðu: Land og þjóð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2002). *Komdu og skoðaðu: Umhverfið*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2003). *Komdu og skoðaðu: Hringrásir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2004). *Komdu og skoðaðu: Fjöllin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2006). *Komdu og skoðaðu: Sögu mannkyns*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2008). *Komdu og skoðaðu: Landakort*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir. (2010). *Hani, krummi, hundur, svín...* Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigrún Helgadóttir og Sólrún Harðardóttir. (2009). *Komdu og skoðaðu: Íslenska þjóðhætti*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Pálsson. (1992). *Vegfarandinn 1*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Pálsson. (1992). *Vegfarandinn 2*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Sigurður Pálsson. (1992). *Vegfarandinn 3*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Stefanía Björnsdóttir. (1996). *Umhverfið: skiptir það máli*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Steingrímur Steinþórsson. (1989). *Víkingar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Torfi Hjartarson. (1995). *Landshorna á milli* (2. útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þorsteinn Helgason. (2004). *Ein grjóthrúga í hafinu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þorsteinn Helgason. (2009). *Miðaldafólk á ferð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þóra Kristinsdóttir. (1993). *Ísland: Landið okkar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórarinn Eldjárn. (2003). *Snorra saga* (2. útgáfa). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórarinn Eldjárn. (2008). *Merkir sögustaðir: Þingvellir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

7 Fylgiskjöl

7.1 Myndasafn





7.2 Spurningar

7.2.1 Spurningar fyrir 1.bekk

Almennt:

1. Má ganga yfir gangbraut þegar það er rauður kall á umferðarljósinu?

Svar: Nei.

2. Hvað á að gera áður en maður gengurr yfir götu? (Nefnið tvö atriði)

Svar: Horfa til beggja hliða, hlusta.

3. Hvar er best að hjóla?

Svar: Hjólreiðastígum.

4. Hvaða litur verður til þegar maður blandar saman svörtum og hvítum?

Svar: Grár.

5. Hvaða litur verður til þegar maður blandar saman bláum og rauðum?

Svar: Fjólublár.

6. Hvaða litur verður til þegar maður blandar saman gulum og rauðum?

Svar: Appelsínugulur.

7. Hvaða litur verður til þegar maður blandar saman bláum og gulum?

Svar: Grænn.

8. Hvað heitir afkvæmi hests?

Svar: Fólald.

9. Hvað heitir höfuðborg Íslands?

Svar: Reykjavík.

10. Hvaða litir eru í íslenska fánanum?

Svar: Blár, rauður og hvítur.

11. Hvað heitir afkvæmi sels?

Svar: Kópur.

12. Hvað eru jólasveinarnir margir?

Svar: 13

13. Hvað heita mamma og pabbi jólasveinanna?

Svar: Grýla og Leppalúði.

14. Nefndu fjóra jólasveina.

Svar: Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottasleikri, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttapefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

15. Hvert er símanúmerið hjá Neyðarlínunni?

Svar: Einn—Einn—Tveir.

16. Hvað heitir stærsta spendýr í heiminum?

Svar: Steypireyður.

17. Hvað heitir besta vinkona Simba í myndinni Konungur ljónanna?

Svar: Nala

18. Nú áttu að horfa upp í loft og loka augunum. Spurning: Hvernig eru sokkarnir þínir á litinn?

Svar: Mismunandi

19. Nú áttu að horfa upp í loft og loka augunum. Spurning: Hvernig eru sokkarnir á litinn á þeim sem spyr spurningarinnar?

Svar: Mismunandi.

20. Gosi átti sér einn draum, hver var hann?

Svar: Að verða alvöru drengur.

21. Hvaða fugl er kallaður vorboði á Íslandi?

Svar: Lóan.

22. Hvaða íslenski fugl er þjófóttur og hefur gaman af glitrandi dóti?

Svar: Krummi.

23. Hvernig er næsta setning í þessari vísu: Sigga litla systir mín, situr úti í götu.

Svar: Er að mjólka ána sín í ofurlitla fötu.

24. Hvað kallast kvenkyns svín?

Svar: Gylta.

25. Hvaða árstíð kemur á eftir hausti?

Svar: Vetur.

26. Hvað heita íkornarnir þrír í myndinni Alvin og íkornarnir?

Svar: Alvin, Theodór og Símon.

27. Með hverju anda fiskar?

Svar: Með tálknum.

28. Hvernig ferðuðust Íslendingar á milli staða í gamla daga þegar ekki voru til bílar?
(Nefnið þrjá af fimm möguleikum).

Svar: Á hestum, fótgangandi, skíðum, hestvögnum og fótgangandi.

29. Hvaða dýr er oft kallað besti vinur mannsins?

Svar: Hundur.

30. Hvort á maður að segja talva eða tölva?

Svar: Tölva.

31. Frá hvaða landi er Masi í þáttunum Söngvaborg?

Svar: Ástralíu.

32. Hvern hitti Rauðhetta á leið heim til ömmu sinnar?

Svar: Úlfinn.

33. Í hvaða leikriti er Lilli klifurmús aðalpersónan?

Svar: Dýrin í Hálsaskógi.

34. Hvaða flokki innan dýrafræðinnar tilheyrir snjóttittlingur?

Svar: Fugl.

35. Eru til mörgæsir á Íslandi?

Svar: Nei.

36. Hvað heitir stærsti jökull Íslands?

Svar: Vatnajökull.

37. Við Egilsstaði á Austurlandi rennur fljót sem kallað er Lagarfljót. Í gamalli þjóðsögu er sagt að dýr búi í vatninu, sumir segjast meira að segja hafa séð það. Hvaða dýr er þetta?

Svar: Ormur (Lagarfljótsormurinn).

38. Hafa ísbirnir komið til Íslands?

Svar: Já.

39. Hvernig stafar maður orðið HÚS?

Svar: H-Ú-S.

40. Hvernig stafar maður orðið MÚS?

Svar: M-Ú-S.

41. Hvernig stafar maður orðið SÓL?

Svar: S-Ó-L.

42. Hvað eru 5+2?

Svar: 7.

43. Hvaða íslenska heimilisdýr malar?

Svar: Köttur.

44. Hvort er konungur eða forseti á Íslandi?

Svar: Forseti.

45. Hvar á forseti Íslands heima?

Svar: Á Bessastöðum.

46. Hver er andstæðan við orðið fjara?

Svar: Flóð.

47. Hver er andstæðan við orðið stór?

Svar: Lífill.

48. Hver er andstæðan við orðið feitur?

Svar: Mjór (grannur).

49. Hvernig bragð er af sjónum?

Svar: Saltbragð.

50. Hver er andstæðan við orðið dagur?

Svar: Nótt.

51. Hver er andstæðan við orðið djúpur?

Svar: Grunnur.

52. Hvernig hljómar næsta setning ? Fyrsta hljómar svona: Ég negli og saga og smíða mér bát ...

Svar: Og síðan á sjóinn ég sigli með gát.

53. Hvort segir maður *ég hlakka til, mig hlakkar til* eða *mér hlakkar til*?

Svar: Ég hlakka til.

54. Hversu margar einingar eru í einum tug?

Svar: 10.

55. Hvaða fugl á Íslandi hefur rosalega hátt þegar maður fer inn á svæði hans og stundum goggar hann í hausinn á manni?

Svar: Kría.

56. Hvað eru margir dagar í febrúar þegar það er hlaupár?

Svar: 29 dagar.

57. Hvaða orð ríma við *prestur*? (Nefndu tvö orð).

Svar: Lestur, hestur, gestur, mestur, bestur, festur, sestur.

58. Hvernig gefa mávar ungunum sínum að éta?

Svar: Þeir æla upp í þá.

59. Hvað búa býflugur til? (Nefndu eitt af tveimur atriðum).

Svar: Hunang og vax.

60. Með hvorri hendinni heilsar maður?

Svar: Hægri.

61. Hvernig höldum við tönnunum hreinum?

Svar: Með tannbursta.

62. Hvers konar fjall er Hekla?

Svar: Eldfjall.

63. Hvað þýðir að vera í krummafót?

Svar: Það er þegar maður fer vitlaust í skóna, hægri á vinstri fót og vinstri á hægri fót.

64. Hvað heita fingurnir á okkur?

Svar: Þumalfingur, vísifingur, langatöng, baugfingur (sleikifingur) og litli fingur.

65. Má 6 ára barn sitja í framsæti á bíl þegar verið er að keyra?

Svar: Nei

66. Hvaða drykkur er hollastur allra?

Svar: Vatn.

67. Hvaðan kemur mjólkinn?

Svar: Frá kúnum.

68. Úr hverju er pappír búinn til?

Svar: Hann er búinn til úr trjám.

69. Hversu mörg dekk eru á venjulegum fólksbíl?

Svar: 4 dekk.

70. Hvernig er blómið sem kallast Sóley á litin?

Svar: Gult.

71. Hvaða dýr gefur okkur ull?

Svar: Kind.

72. Hvaða dýr gefur okkur eggín?

Svar: Hæna.

73. Er banani grænmeti eða ávöxtur?

Svar: Ávöxtur.

74. Vaxa kartöflur á trjánun?

Svar: Nei.

75. Botnaðu málsháttinn. Æfingin skapar _____

Svar: Meistarann.

76. Botnaðu málsháttinn. Margur er knár þótt hann sé _____

Svar: Smár.

Bók: Spor 1

77. Hvað á alltaf að vera á höfðinu þegar við förum út að hjóla?

Svar: Hjálmur.

78. Þegar maður leggur á borð, hvoru megin á hnífurinn að vera við diskinn og hvoru megin á gaffallinn að vera?

Svar: Hnífurinn á að vera hægra megin og gaffallinn á að vera vinstra megin.

Bók: Samvera (Verum vinir)

79. Segðu stutta sögu um hvað þú gerðir í dag

80. Hvað er að vera góður vinur?

Svar: Kennari eða foreldri metur svarið.

Bækur: komdu að skoða

81. Er Ísland eyja eða heimsálfa?

Svar: Eyja.

82. Hvað er það sem hitar jörðina?

Svar: Sólin.

83. Hvaðan kemur rigningin?

Svar: Úr skýjunum.

7.2.2 Spurningar fyrir 2.bekk

Bók: Kristinfræði (Regnboginn)

84. Hvað hét þjóðin hans Jesú?

Svar: Ísrael.

85. Hvað heitir bókin með öllum sögunum í sem Jesú heyrði um sem barn og síðan varð hann hluti af þeirri bók. Bókinni er skipt í tvennt. Gamla og nýja testamentið?

Svar: Biblían.

86. Hvar fæddist Jesú?

Svar: Betlehem.

87. Fengu bæði strákar og stelpur að fara í skóla þegar Jesú var á lífi?

Svar: Nei, bara strákar.

88. Hvað hét fyrsta fólkid sem Guð skapaði? Einn karl og ein kona.

Svar: Adam og Eva.

89. Hvað heitir árstíminn þegar sumir fuglar fljúga í burtu og veturinn er alveg að koma?

Svar: Haust.

90. Hvað heitir árstíminn þegar mesti snjórinn er úti, nóttin svört og kaldir vindar blása?

Svar: Vetur.

91. Hvað heitir árstíminn þegar sólin fer að skína lengur og lafin á trjánnum fara blómstra á ný?

Svar: Vor.

92. Hvað heitir árstíminn þegar það verður aldrei myrkur á Íslandi, grasið er grænt og sólin skín skært?

Svar: Sumar.

93. Hvað hét garðurinn sem Guð gerði fyrir Adam og Evu?

Svar: Eden.

94. Hver smíðaði stórt skip og hafði um borð tvö dýr af hverri tegund, eitt karldýr og eitt kvendýr?

Svar: Nói.

95. Á aðventunni er kveikt á kerti. Þetta eru fjögur kerti, eitt fyrir hvern sunnudag í aðventu. Hvað heitir fyrsta kertið sem kveikt er á?

Svar: Spádómskertið.

96. Á aðventunni er kveikt á kerti. Þetta eru fjögur kerti, eitt fyrir hvern sunnudag í aðventu. Hvað heitir annað kertið sem kveikt er á?

Svar: Betlehemskerðið.

97. Á aðventunni er kveikt á kerti. Þetta eru fjögur kerti, eitt fyrir hvern sunnudag í aðventu. Hvað heitir þriðja kertið sem kveikt er á?

Svar: Hirðakerðið.

98. Á aðventunni er kveikt á kerti. Þetta eru fjögur kerti, eitt fyrir hvern sunnudag í aðventu. Hvað heitir fjórða kertið sem kveikt er á?

Svar: Englakerðið.

Bók: Aðgát í umferðinni

99. Hvar eiga börn að sitja í bíl?

Svar: Í aftursætinu.

100. Hvað er klukkan þegar stóri vísirinn er á 12 og litli er á 4?

Svar: klukkan er 4.

101. Hvað er klukkan þegar stóri vísirinn er á 6 og litli er á milli 2 og 3?

Svar: Klukkan er hálf 3.

102. Hvort er hægri réttur eða vinstri réttur í umferðinni á Íslandi?

Svar: Hægri réttur, þess vegna hjólum við og keyrum hægra megin á götunni.

Fróðleikur (spil)

103. Hvaða grautur er soðinn úr vatni og haframjöli?

Svar: Hafragrautur.

104. Hvernig segir maður já á ensku?

Svar: Yes.

105. Hvernig segir maður nei á ensku?

Svar: No.

106. Hver af jólasveinunum er sagður koma síðastur til byggða?

Svar: Kertasníkir.

107. Hvernig er Andrés önd á litinn?

Svar: Hvítur.

108. Hvað heitir api Aladíns?

Svar: Abú.

109. Hvað heitir leikurinn þar sem ekki má segja: Já, nei, svart eða hvítt?

Svar: Frúin í Hamborg.

110. Hvað heitir þekktasti hverinn á Íslandi?

Svar: Geysir.

111. Hvaða dagur kemur á eftir miðvikudegi?

Svar: Fimmtudagur.

112. Hvaða dagur kemur á eftir sunnudegi?

Svar: Mánudagur.

113. Hvert er móðurmál Íslendinga?

Svar: Íslenska.

114. Hverju eru menn að safna þegar þeir síga í björg?

Svar: Eggjum.

115. Undir hvaða firði á Íslandi eru jarðgöng.

Svar: Hvalfirði.

116. Hvað heitir fingurinn við hliðina á litla fingri?

Svar: Baugfingur (Sleikifingur).

117. Hvað heitir apinn hennar Línu langsokks?

Svar: Herra Níels.

118. Í hvaða ævintýrum segir meðal annars frá Tuma tígri?

Svar: Ævintýrum Bangsimons.

119. Hver bjó um tíma hjá dvergum sjö?

Svar: Mjallhvít.

120. Hvað heita litlu frændur Andrésar andar?

Svar: Ripp, Rapp og Rupp.

121. Hvað eru margir dagar í einni viku?

Svar: Sjö.

7.2.3 Spurningar fyrir 3.bekk

Bók: Kristin fræði (Stjarnan)

1. Hvort átti Jesús heima í Gyðingalandi sem nú heitir Ísrael eða á Ítalíu?

Svar: Gyðingalandi.

2. Hver gaf Ísraelsmönnum landið sitt? Var það guð, Jesús eða kóngurinn?

Svar: Guð.

3. Hvað hét sonur Abrahams sem er einn af ættfeðrum Gyðinga?

Svar: Ísak.

4. Hvað heitir kóngurinn í Egyptalandi? Prins, Faraó eða Guð?

Svar: Faraó.

5. Hvenær var Jesú krossfestur? Um jól, sumar eða páska?

Svar: Páska.

Bók: Komdu og skoðaðu (Tæknin)

6. Eitt af fyrstu verkfærum sem maðurinn fann upp var: Sverð, bogi eða exi?

Svar: Exi.

7. Hvernig voru skip knúinn áfram á landnámsöld? Með kolum, með stórum skipavélum sem nota rafmagn eða með handafli og stórum seglum?

Svar: Með handafli og stórum seglum.

8. Matur geymist vel í kulda en hvernig geymdi fólk matinn sinn áður en ísskápurinn var fundin upp? Var maturinn setur í frystikistuna eða var hann saltaður, þurrkaður og reyktur?

Svar: Maturinn var saltaður, þurrkaður og reyktur.

9. Hvernig var túnið slegið og kýrnar mjólkaðar áður en tæknin kom til sögunnar í sveitum landsins.?

Svar: Með handafli manna.

10. Ísland er mjög ríkt af auðlindum, eitt af þessum auðlindum notum við til að hita upp húsin okkar. Hvaða auðlind er það?

Svar: Vatn, nánar tiltekið heitavatnið okkar.

11. Hver er oft talinn fyrsti heiti potturinn á Íslandi?

Svar: Snorralaus.

12. Hvað er það sem svífur yfir jörðinni og er úti í geimi og flytir símtöl, tölvupósta og sjónvarpsefni á milli landa?

Svar: Gervitung.

13. Hefur einhver manneskja gengið um á tunglinu?

Svar: Já.

14. Hvar var meðalaldur Íslendinga milli 1841 og 1850?

Svar: Karlar 31 árs og konur 35 ára (vegna mikils ungbarnadauða).

Bók: Komdu og skoðuðu (Umhverfið)

15. Hvað þurfa plöntur til að vaxa og dafna?

Svar: Þær þurfa loft, vatn, sól og jörð.

Bók: Komdu og skoðuðu (Líkaminn)

16. Hvað ganga konur lengi með barn í maganum? (að meðaltali)

Svar: 9 mánuði.

17. Hvað eru margir mánuðir í einu ári?

Svar: 12 mánuðir.

18. Eru einhverjir tveir með eins fingraför?

Svar: Nei.

19. Hvað eru mörg bein í líkamanum?

Svar: 206.

20. Hver er stærsti vöðvinn í líkamanum?

Svar: Rassvöðvinn.

21. Hversu mikið af líkamanum okkar er vatn?

Svar: 60 %.

Bók: Komdu og skoðaðu (Saga mannkyns)

22. Hvenær byrjuðu apar að standa á tveimur fótum og þróuðust yfir í mennina sem við erum í dag?

Svar: Fyrir 5.milljónum ára.

23. Hvernig gat nútímamaðurinn ferðast á milli landa og heimsálfa á fyrstu árum sínum?

Svar: Þeir fóru fótgangandi eða á litlum bátum.

24. Hvað er saga fólks á jörðinni frá upphafi til okkar dags kölluð?

Svar: Mannkynssaga.

25. Hvað heitir áin frjósama sem rennur í gegnum Egyptaland?

Svar: Níl.

26. Hvað voru konungar Egyptalands kallaðir?

Svar: Farói

27. Hvað var gert við líkin af konungum Egyptalands eftir að þeir dóu?

Svar: Þau voru þurrkuð og breytt í múmíur.

28. Hvað hét síðasti konungur/drottning Egyptalands?

Svar: Kleópatra.

29. Í Kína er eitt stærsta mannvirki heims og það sést utan úr geimnum, hvaða mannvirki er það?

Svar: Kínamúrinn.

30. Voru Kínverjar fyrstir til að búa til pappír?

Svar: Já.

31. Hverjir héldu fyrstu Ólympíuleikana? Rómverjar, Englendingar, Grikkir eða Kínverjar?

Svar: Grikkir.

32. Einn frægasti Grikki sögunar var ungur konungur og lagði hann undir sig mörg lönd og stækkaði veldi Grikkja alla leið til Egyptalands og Indlands. Hvað hét þessi mikli hershöfðingi og konungur Grikkja? Júlíus Cesar, Alexander Mikli eða Artúr konungur.

Svar: Alexander mikli.

33. Hver er æðsti maður kirkjunnar í Róm?

Svar: Páfinn.

Bók: Komdu og skoðaðu (Landnámið)

34. Hvað var fólkið kallað sem flutti fyrst til Íslands?

Svar: Landnámsmenn.

35. Hvaðan komu landsnámsmennirnir sem settust að á Íslandi? Nóg að nefna tvö lönd.

Svar: Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Írlandi.

36. Hver gaf landinu nafnið Ísland?

Svar: Hrafna Flóki.

Bók: Komdu og skoðaðu (Eldhúsið)

37. Hvað gerist ef þú þeytir rjóma of lengi?

Svar: Hann getur breyst í smjör.

38. Í hvað breytast málsbaunir við háan hita?

Svar: Poppkorn.

Bók: Komdu og skoðaðu (Fjöllin)

39. Hvað heitir stærsti jökull í Evrópu?

Svar: Vatnajökull.

40. Hvert er hæsta fjall Íslands?

Svar: Hvannadalshnjúkur. (2119 metra yfir sjó).

41. Hvaða fjall er kallað drottning allra fjalla á Íslandi?

Svar: Herðubreið í Ódáðahrauni.

42. Hvað heitir fjallið sem flestir í Reykjavík og nágrenni sjá og er í norður?

Svar: Esjan.

Bók: Komdu og skoðaðu (Hafið)

43. Hvað heitir hafið í kringum Ísland?

Svar: Norður Atlantshaf.

44. Þar sem sjór og land mætast kallast?

Svar: Strönd.

45. Hvort eru hvalir spendýr, hryggdýr eða rándýr?

Svar: Spendýr.

46. Hvert er stærsta dýr sem lifir á jörðinni?

Svar: Hvalur.

47. Hvaða heitir stærsti hvalurinn sem nú lifir í sjónum?

Svar: Steypireyður.

48. Hvað kallast hlýi hafstraumurinn sem kemur að sunnan?

Svar: Golfstraumurinn.

Bók: Komdu og skoðaðu (Himingeimurinn)

49. Hvort er jörðin okkar stjarna, sól eða reikistjarna?

Svar: Reikistjarna.

50. Hvað eru margar reikistjörnur í okkar sólkerfi?

Svar: 9.

51. Hvaða reikistjarna er sögð ástarreikistjarnan?

Svar: Venus.

52. Hvaða reikistjarna er stærst í okkar sólkerfi?

Svar: Júpíter.

Bók: Komdu og skoðaðu (Hvað dýrin gera)

53. Hvor er stærri: Kvenkyns könguló eða karlkyns könguló?

Svar: Kvenkyns könguló.

Bók: Komdu og skoðaðu (Land og þjóð)

54. Hvað hét fyrsti foresti Íslands?

Svar: Sveinn Björnsson.

55. Hvenær er þjóðhátíðardagur Íslendinga?

Svar: 17. júní.

56. Hverjir eru fjórir landvættir Íslands og sjást á skjaldarmerkinu?

Svar: Dreki, fugl, naut og risi.

57. Hvað heitir þjóðgarður Íslendinga?

Svar: Þingvellir.

58. Hvenær er talið að Alþingi hafi verið stofnað á Íslandi?

Svar: Árið 930 á Þingvöllum.

7.2.4 Spurningar fyrir 4.bekk

Bók: Kristin fræði (Birtan)

59. Hvað hétu foreldrar Jesú?

Svar: María og Jósef.

60. Í hvaða borg ólst Jesú upp ?

Svar: Nasaret.

61. Hvað kallast fjórar síðustu vikurnar fyrir jól?

Svar: Aðventa.

62. Hvað hét engillinn sem Guð sendi til Maríu, móðir Jesú?

Svar: Gabríel.

63. Frá hvaða landi kemur sú menning að hafa jólatré?

Svar: Þýskalandi.

64. Hvað kallast stjarnan sem vísaði vitringunum veginn?

Svar: Betlehemsstjarnan.

65. Hvað hét lærisveinninn sem sveik Jesú?

Svar: Júdas.

66. Hvað hét staðurinn þar sem Jesú var krossfestur?

Svar: Golgatahæð.

Bók: Vegfarandinn

67. Hvenær kom fyrsti bílinn til Íslands?

Svar: 1904.

68. Hvenær var reiðhjólið fundið upp og í hvaða landi?

Svar: 1817 í Þýskalandi.

69. Hvað þarf að vera í lagi á reiðhjólum? (Sex atriði, nóg að segja frá fjórum).

Svar: Bremsur, bjalla, ljós að framan, glitauga að aftan, glitaugu á fótstigum og lás.

70. Hvað merkir það ef hjólreiðamaður réttir hendina út til hliðar þegar hann kemur að gatnamótum?

Svar: Að hann sé að fara beygja.

Bók: Landið, umhverfið og við

71. Hvað er mengun?

Svar: Þegar efni sem ekki á heima einhverstaðar berst þangað frá öðrum stað.

Bók: Eitt lítið um byggð í Reykjavík

72. Hver var fyrsti maðurinn til að flytja til Íslands og búa hér?

Svar: Ingólfur Arnarson.

73. Hvaða ár kom Ingólfur Arnarson til Íslands?

Svar: 874.

74. Hvað hér kona Ingólfs Arnarsonar:

Svar: Hallveig Fróðadóttir.

75. Hvar settist Ingólfur Arnarson að á Íslandi?

Svar: Í Reykjavík.

76. Hvað kölluðust hús sem voru byggð á Íslandi frá því að Ingólfur Arnason flutti hingað og fram að 20.öldinni?

Svar: Torfbæir.

77. Hver er nefndur faðir Reykjavíkur?

Svar: Skúli Magnússon (hann varð landfógeti 1749).

78. Hver er elsta gata Reykjavíkur?

Svar: Aðalstræti.

Bók: Ísland, landið okkar.

79. Hvað heitir þjóðin sem býr á Íslandi?

Svar: Íslendingar.

80. Hvar hefur forsetinn á Íslandi aðsetur?

Svar: Bessastöðum á Álftanesi

81. Hvaða litir eru í íslenska fánanum ?

Svar: Rauður, hvítur og blár.

82. Hvað heitir stærsti jökull Íslands?

Svar: Vatnajökull.

83. Hvað heitir frægasta eldfjall Íslands?

Svar: Hekla.

84. Hvað heitir stærsti skógur Íslands og hvar á landinu er hann?

Svar: Hann heitir Hallormsstaðarskógur og er á Austurlandi.

85. Hvar er stærsta höfn Íslands og hvar er stærsti flugvöllur Íslands?

Svar: Stærsta höfnin er í Reykjavík og stærsti flugvöllurinn er í Keflavík.

86. Hvert er stærsta stöðuvatn Íslands?

Svar: Þingvallavatn.

87. Hvað heitir stærsta eyjan í kringum Vestmannaeyjar?

Svar: Heimaey.

Bók: Ísland áður fyrr.

88. Fóru börn í sveitum Íslands í kringum aldamótin í skóla eða kom kennarinn heim til þeirra að kenna?

Svar: Kennarinn kom heim til þeirra.

Bók: Í sveitinni með Æsu og Gauta.

89. Hvenær er heyskapur í sveitum Íslands? Á vorin, um sumarið, á haustin eða yfir veturinn?

Svar: Á sumrin.

90. Hvað kallast karlkyns kind, kvenkyns kind og afkvæmi kinda?

Svar: Karlkynið er hrútur, kvenkynið er ær og afkvæmi þeirra kallast lömb.

91. Hvað kallast tíminn sem kindurnar eru að fæða lömbin sín.

Svar: Sauðburður.

92. Hvað kallast karlkyns hænsni, kvenkyns hænsni og afkvæmi hænsna?

Svar: Karlkynið heitir hani, kvenkynið hæna og afkvæmi þeirra kallast kjúklingur eða hænuungi.

93. Hvað kallast það þegar ullin er tekin af kindum?

Svar: Að rýja.

Bók: Lífið fyrr og nú stutt Íslendingasaga

94. Hvað hét fyrsti landnámsmaður Íslands?

Svar: Ingólfur Arnarson.

95. Hvað hét æðsti guðinn í heiðni?

Svar: Óðinn.

96. Hvaða guð var sterkastur allra í heiðni?

Svar: Þór.

97. Hvað heitir samningurinn sem gerður var á milli Íslendinga og Noregskonungs 1263 (Sturlungaöld) og kom á friði hérna á Íslandi?

Svar: Gamli sáttmáli.

98. Hverjir komu til Vestmannaeyja og rændu þar fólki og seldi þau síðan sem þræla og hvað er þessi atburður kallaður hérna á Íslandi?

Svar: Tyrkir og það er oft talað um Tyrkjaránið.

99. Hvað var gert við galdramenn og konur sem voru dæmd til dauða fyrir á öldum?

Svar: Þau voru brennd á báli, það var kallað galdrabrenna.

100. Úr hverju byggðu Íslendingar aðallega bæina sína fyrir á öldum?

Svar: Úr torfi og grjóti (Nóg var til af því á Íslandi).

101. Hvað notuðu menn í staðin fyrir bíla hér áður fyrr?

Svar: Hesta.

102. Hver var og er helsta útflutningsvara Íslendinga?

Svar: Fiskur.

Bók: Hani, krummi, hundur, svín...

103. Hvaða dýr tóku landnámsmennirnir með sér til Íslands? Nóg af nefna fimm.

Svar: Kýr, kindur, geitur, hesta, svín, hænsni og hunda.

104. Hvaða matvörur voru gerðar úr mjólkinni í gamla daga? Nóg af nefna tvo hluti.

Svar: Skyr, smjör og rjómi.

105. Hvað er það sem kallast broddur þegar átt er við mjólk úr kúm?

Svar: Fyrsta mjólkinn sem kemur úr kúnni eftir fæðingu kálfs.

106. Hvað hefur íslenski hesturinn margar gangtegundir?

Svar: Fimm.

Bók: Umhverfið skiptir það máli?

107. Hvenær hófst landnámsöld á Íslandi? Má muna 10 árum til eða frá.

Svar: Árið 874.

108. Hvað þýðir orðið sjálfsþurftabúskapur? Allir landnámsmenn voru með sjálfsþurftbúskap.

Svar: Að sjá fyrir öllu sjálfur (rækta landið sitt og veiða sjálfur til matar).

109. Hverjar eru helstu auðlindir Íslands? (Nefna tvo hluti).

Svar: Falleg náttúra, auðug fiskimið, orkulindir, beitolönd, hreint vatn og jarðefni.

110. Hvaða orkugjafi er mest notaður til að hita upp húsin á Íslandi?

Svar: Heitt vatn.

Almennt

111. Horfðu upp í loft. Segðu mér nú hvernig sokkarnir þínir eru á litinn?

Svar: Mismunandi.

112. Hvort er Ísland í Evrópu eða Ameríku?

Svar: Evrópu.

113. Er Ísland stærsta eyja í heiminum?

Svar: Nei (Grænland er stærsta eyjan í heiminum).

114. Með hvorri hendinni heilsar maður ekki?

Svar: Vinstri.

115. Hvers konar fjall er Katla?

Svar: Eldfjall.

116. Botnaðu vísuna: Hani, krummi, hundur, svín, hestur, mús, tittlingur _____

Svar: Galar, krunkar, geltir, hrín, hneggjar, tístir, syngur.

117. Með hvorri hendinni heilsa þeir yfirleitt sem eru örvhentir?

Svar: Hægri hendinni.

118. Hvað átti bakaradrengrinn í Dýrunum í Hálsaskógi að setja mikinn pipar í piparkökurnar?

Svar: Eina teskeið.

119. Hvaða áhald er stundum kallað kuti?

Svar: Hnífur.

120. Hvaða land fann Leifur Eiríksson?

Svar: Ameríku.

7.2.5 Spurningar fyrir miðstig

Fróðleikur (spil)

1. Hver er þjóðhöfðingi Íslands?

Svar: Forsetinn.

2. Hvað heitir síðsti dagur jólanna?

Svar: Þrettándinn.

3. Hvort sest sólin í vestri eða austri?

Svar: Í vestri.

4. Hvað hétu hrafnar Ingólfs Arnarssonar?

Svar: Huginn og Muninn.

5. Hvaða land nam Eiríkur rauði?

Svar: Grænland.

6. Hver norrænu goðanna átti hamarinn Mjölni: Þór, Freyr eða Njörður?

Svar: Þór.

7. Hvaða stofnun ákveður hvaða lög gilda á Íslandi?

Svar: Alþingi.

8. Hvaða söngur hefst á ljóðlínunni: „Ó Guð vors lands“?

Svar: Lofsöngurinn (þjóðsöngur Íslendinga).

9. Hvaða fugl er einkennisfugl Vestmannaeyja?

Svar: Lundu.

Bók: Merkir sögustaðir: Þingvellir

1. Hvenær er talið að Alþingi hafi verið stofnað á Þingvöllum?

Svar: Árið 930

2. Afhverju fluttust landsnámsmenn frá Noregi og komu til Íslands? (Nefna einn hlut).

Svar: Þeir vildu ekki borga háa skatta Noregskonungs, sumir voru útlagar og aðrir voru ekki elstu synir föður síns og fengu ekki lönd hans í arf.

3. Hvað voru margir goðar á Alþingi Íslands í byrjun? (Má muna þremur).

Svar: 36 goðar en þeim fór fljótt fjölgandi.

4. Hvað var æðsti maður Alþingis kallaður á landnáms tímabilinu?

Svar: Lögsögumaður (hann varvalinn á þriggja ára fresti og átti að kunna öll lög utan bókar).

5. Hvað hér fyrsti landsnámsmaðurinn á Íslandi og hvar settist hann að?

Svar: Ingólfur Arnarson og hann settist að í Reykjavík.

6. Hvað heita eyjarnar þrjár í Þingvallarvatni? (Nóg að nefna tvær af þremur).

Svar: Sandey, Nesjaey og Heiðarbæjarhólmi.

7. Hvað heitir hylurinn á Þingvöllum þar sem konum var drekkt í?

Svar: Drekkingshylur

8. Hvaða ár fékk Ísland sjálfstæði?

Svar: Árið 1944

Bók: Snorra saga

9. Hvar fæddist Snorri Sturluson?

Svar: Hann fæddist á Hvamma í dölum á Vesturlandi.

10. Hvað hét goðorðið sem Snorri Sturluson fékk 1/3 hluta í arf frá þabba sínum?

Svar: Snorrungagoðorð.

11. Hvað hét helsta ættin á Suðurlandi í kringum 1200? (Tvær sem koma til greina, nóg að nefna aðra).

Svar: Haukdælir eða Oddverjar.

12. Hvað hét helsta ættin á Vesturlandi í kringum 1200? (Tvær sem koma til greina, nóg að nefna aðra).

Svar: Sturlungar eða Vatnsfirðingar.

13. Hver tók Snorra Sturluson í fóstur og hvar átti sá maður heima?

Svar: Jón Loftsson og hann bjó í Odda.

14. Hvaða frægi víkingur og landnámsmaður var langa, langaafi Snorra Sturlusonar?

Svar: Egill Skallagrímsson.

15. Hvað hétu bræður Snorra Sturlusonar?(Þeir voru tveir).

Svar: Þórður og Sighvatur.

16. Hvað heita tveir af þremur stærstu og mannskæðustu bardögum Íslandssögunnar?

Svar: Örlygstaðarbardagi, Flóabardagi eða Haugnesbardagi.

17. Hvar átti Snorri Sturluson heima þegar hann var drepinn?

Svar: Í Reykholti.

18. Hvað heitir heiti potturinn sem Snorri Sturluson læt byggja fyrir sig í Reykholti?

Svar: Snorralaug.

Bók: Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum

19. Hvað kallaðist peningurinn/féð sem konur tóku með sér í hjónabönd á Víkingaöld?

Svar: Heimanfylgja.

20. Í hvaða landshluta réð Snorri Sturluson?

Svar: Vestulandi.

21. Hver var fyrsti jarlinn yfir Íslandi?

Svar: Gissur Þorvaldsson.

22. Hvað titil báru þeir menn sem voru æðstir í sinni sveit og fóru alltaf á Alþingi á sumrin?

Svar: Goðar.

23. Hvað voru margir goðar á Íslandi?

Svar: Fyrst 36 en fjölgaði í 39 síðar. Bæði rétt.

24. Víkinar notuðu ekki bókstafi til að skrifa, hvað hét það sem þeir notuðu sem ritmál?

Svar: Rúnir.

25. Getur þú nefnt eitt af þekktustu ritverkum/bókum Snorra Sturlusonar?

Svar: Heimskringla, Snorra Edda og Egilssaga.

26. Hafa verið til þrælar á Íslandi?

Svar: Já.

27. Hvaða ár taka Íslendingar Kristni?

Svar: Árið 1000.

Bók: Víkingaöld

28. Víkingar áttu tvö mismunandi skip til að sigla á, getur þú nefnt hvað annað þeirra er kallað?

Svar: Langskip eða knörr.

29. Hverjir voru sagðir mestu óvinir klaustranna á Víkingaöld?

Svar: Víkingar (þeir voru alltaf að ræna og rupla klaustrin).

30. Hvað voru þeir Víkingar kallaðir sem urðu lífverðir keisarans í Miklagarði/Istanbul?

Svar: Væringjar.

31. Árið 885 sigldu Víkingar á 700 skipum upp ána Signu og réðust á stóra borg í ríki Franka, orrustan stóð yfir í heilt á. Hvað heitir borgin sem ráðist var á?

Svar: Paris.

32. Hvort var meirihluti landnámsmanna frá Norðurlöndunum eða Bretlandseyjum?

Svar: Frá Norðurlöndunum.

33. Hvort var meirihluti landnámskvenna frá Norðurlöndunum eða Bretlandseyjum?

Svar: Frá Bretlandseyjum.

34. Hvað notuðu Víkingar til að leiðbeina sér þegar þeir voru að sigla?

Svar: Stjörnur og sólina.

35. Hvað var æðsti maður á Alþingi Íslendinga kallaður á Víkingaöld?

Svar: Allsherjagoði.

36. Hvað voru þær konur sem gátu séð framtíðina kallaðar?

Svar: Völvur.

Bók: Frá Róm til Þingvalla

37. Hverjir byggðu píramídana í Afríku?

Svar: Egyptar.

38. Hvað titil fékk konungur eða drottning Egyptalands?

Svar: Farói.

39. Hvað hét frægasta drottning Egyptalands?

Svar: Kleópatra.

40. Ef kona var þræll, hvað var hún þá kölluð?

Svar: Ambátt.

41. Einn frægur skylmingaþræll gerði uppreisn á móti Rómverjum, hvað hét þessi maður?

Svar: Spartacus.

42. Hvað hét keisarinn í Róm sem gerði Kristni að ríkistrú Rómverja?

Svar: Konstantínus.

43. Hvað hétu þeir sem komu fyrstir til Íslands en settust ekki hér að?

Svar: Papar og þeir voru írskir munkar.

44. Gátu konur verið goðar á Víkingaöld?

Svar: Nei, aðeins karlar.

45. Á Alþingi kusu goðarnir alltaf einn mann sem áttu að kunna öll lög landsins utan að, hvað hét embættið sem þessi maður gegndi?

Svar: Lögsögumaður.

Bók: Miðaldafólk á ferð

46. Hvaða borg var í landinu helga sem kristnir menn heimsóttu í pílgrímsferðum?

Svar: Jerúsalem.

47. Hvaða merki maður innan Islamstrúar fæddist í Mekka og var spámaður Islam?

Svar: Múhameð.

48. Hvaða borg voru riddararnir og aðrir krossfarar að reyna frelsa frá Aröbum?

Svar: Jerúsalem.

49. Hvað hétu mennirnir sem sömdu frið um Jerúsalem og leyfðu bæði kristnum og Islam að fara um borgina helgu?

Svar: Ríkarður ljónshjarta fyrir Kristni og Saladín fyrir Islam.

50. Hvað var leiðin kölluð sem menn fóru fótgangandi eða á hestum og var á milli Evrópu og Kína?

Svar: Silkileiðin.

51. Hverjir fundu upp á því að nota silki?

Svar: Kínverjar.

52. Kom svartidauði einhvern tímann til Íslands?

Svar: Já (í kringum 1402).

53. Borgin Machu Picchu í Suður Ameríku stendur hátt upp í fjöllum. Hverjir byggðu þessa borg?

Svar: Inkar.

54. Á hvaða guð trúðu Inkar í Suður Ameríku?

Svar: Sólguðinn.

55. Hvað heitir sæfarinn mikli sem er sagður hafa fundið Ameríku?

Svar: Kristófer Kólumbus.

Bók: Landnám Íslands

56. Hvað er langt síðan Ísland var byggt?

Svar: Fyrstu landnámsmennirnir komu til Íslands um 870 og eru því um 1140 ár síðan.

57. Hvað hét konugurinn sem sameinaði Noreg í eitt ríki árið 860?

Svar: Haraldur Hárfagri.

58. Getur þú nefnt tvö af þeim blótum sem Víkingar héldu uppá?

Svar: Haustblót, Miðsvetrarblót, Þorrablót, Jólablót, Góublót og Vorblót.

Bók: Norðurlönd

59. Hvað eru Norðurlöndin mörg?

Svar: Rétt svar er átta, það má muna einu þannig að níu eða sjö teljast líka rétt. Löndin eru: Grænland, Íslands, Færeyjar, Noregur, Svíðþjóð, Finnland, Danmörk og Álandseyjar.

60. Hvað heitir höfuðborg Grænlands?

Svar: Nuuk.

61. Hver er stærsta eyja jarðar?

Svar: Grænland.

62. Myndu allar eyjur Færeyja komast inn í Vatnajökull?

Svar: Já.

63. Eru konungar og drottningar í Danmörku?

Svar: Já.

64. Hvaða Norðurlandþjóðir eiga konung og eða drottningu?

Svar: Þrjár, Noregur, Svíðþjóð og Danmörk.

65. Hvað heitir höfuðborg Noregs?

Svar: Oslo.

66. Hvað heitir höfuðborg Svíþjóðar?

Svar: Stokkhólmur.

67. Hvað heitir höfuðborg Finnlands?

Svar: Helsinki.

68. Hvað heitir höfuðborg Danmerkur?

Svar: Kaupmannahöfn.

69. Hvað heitir höfuðborg Færeyja?

Svar: Þórshöfn.

70. Í hvaða landi er Legoland?

Svar: Danmörku.

71. Hvaða land innan Norðurlandanna borar mest eftir Olíu?

Svar: Noregur.

72. Frá hvaða landi er Astrid Lindgren sem skrifaði bækurnar um Línu langsokk, Emil í Kattholti, Bróðir minn ljónshjarta og Börnin í Ólátagarði?

Svar: Svíþjóð.

73. Tove Jansson er rithöfundur sem bjó til sögurnar um Múmínálfana. Frá hvaða Norðurlandi var hún?

Svar: Finnlandi.

74. Í hvaða Norðurlandi hafa Nóbelsverðlaunin hingað til verið veitt?

Svar: Svíþjóð.

75. Grænland er hluti af Norðurlöndunum en tilheyrir ekki Evrópu. Hvað heimsálfu tilheyrir Grænland?

Svar: Norður-Ameríku.

Bók: Víkingar

76. Hvert var sagt að Víkingar færu sem dóu í orrustum/bardögum?

Svar: Til Valhallar, heimilis Óðins.

77. Hvaða land innan Norðurlandanna var fyrst til að taka upp Kristni?

Svar: Danmörk.

78. Getur þú nefnt þrjá gjaldmiðla Norðurlandanna?

Svar: íslenska, danska, norska, sænska krónan og Evran.

Bók: Ein grjóthrúga í hafinu

79. Hverjir eru sagðir búa í hólum og klettum á Íslandi?

Svar: Álfar.

80. Árið 1627 kom til Íslands stór floti af ræningja, þeir rændu mörgum Íslendingum og fóru Vestmannaeyjar mjög illa út úr þessum viðskiptum. Ræningjarnir tóku um 400 Íslendinga með sér á brott. Hvað er þessi viðburður kallaður á Íslandi?

Svar: Tyrkjaránið.

81. Hvaða tvær þjóðir börðust í Þorskastríðinu?

Svar: Íslendingar og Englendingar.

82. Við hvaða borg stendur frelsisstytan í Bandaríkjunum?

Svar: New York.

83. Astekar og Majar voru stórar og miklar þjóðir á sínum tíma. Hvar í heiminum voru þessar þjóðir: Evrópu-Asíu-Afríku eða Mið-Ameríku?

Svar: Mið-Ameríku.

84. Hvaða listmálari og uppfinningamaður málaði myndina Móna Lísu?

Svar: Leonardo Da Vinci.

85. Í hvaða borg stendur Eiffeltúrninn?

Svar: París.

Bók: Evrópa

86. Hvað eru heimsálfurnar margar ?

Svar: Sjö heimsálfur, Asía, Norður-Ameríka, Suður-Ameríka, Afríka, Evrópa, Ástralía og Suðurskautslandið.

87. Hvaða heimsálfa er stærst?

Svar: Asía.

88. Í hvaða heimsálfu er Ísland?

Svar: Evrópu.

89. Hvaða heimsálfa er minnst?

Svar: Ástralía (eyjálfa).

90. Hvað heitir höfuðborg Englands?

Svar: London.

91. Hvað heitir höfuðborg Spánar?

Svar: Madrid.

92. Hvað heitir höfuðborg Frakklands?

Svar: París.

93. Hvað heitir höfuðborg Ítalíu?

Svar: Róm.

94. Hvað heitir höfuðborg Þýskalands?

Svar: Berlín.

95. Hvað heitir höfuðborg Rússlands?

Svar: Moskva.

96. Hvað er grænn orkugjafi? (Nefndu einn).

Svar: Jarðvarmi, vindorka og vatnsafl.

97. Hvaða haf umlykur Ísland?

Svar: Atlantshaf.

98. Hvaða tungumál er talað í Færeyjum?

Svar: Færeyska.

99. Eru óbyggðir á Íslandi?

Svar: Já (hálandið okkar er óbyggt).

100. Frá hvaða landi var Napóleon Bonaparte?

Svar: Frakklandi.

101. Frá hvaða landi var Adolf Hitler?

Svar: Þýskalandi.

102. Hvaða land hernám Ísland í síðari heimsstyrjöldinni?

Svar: Bretland?

103. Hvað heitir höfuðborg Póllands?

Svar: Varsjá.

104. Er Ísland í vestur- eða austur Evrópu?

Svar: Vestur Evrópu.

105. Er Pólland í vestur- eða austur Evrópu?

Svar: Austur Evrópu.

106. Var nautaat mikið stundað á Spáni?

Svar: Já (Það var ein af þjóðaríþróttum Spánverja).

107. Hvar voru fyrstu Ólympíuleikarnir haldnir?

Svar: Grikklandi til forna.

108. Frá hvaða landi í austur Evrópu var Móðir Teresa?

Svar: Albaníu.

109. Hvað heitir söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva?

Svar: Eurovision.

110. Ef þú stendur í Landeyjarhöfn og horfir yfir til Vestmannaeyja, í hvaða átt ertu þá að horfa Suður-vestur-austur eða norður?

Svar: Suður.

Bók: Sögueyjan 1.hefti

111. Voru til bílar á Íslandi árið 1901?

Svar: Nei.

112. Hver er sagður fyrsti landnámsmaðurinn á Íslandi og hvað hét kona hans?

Svar: Ingólfur Arnarson og kona hans hét Hallveig Fróðadóttir.

113. Hvað heitir bókin sem fjallar um alla 420 landnámsmennina?

Svar: Landnáma.

114. Hvenær stoð víkingaöld yfir: frá 1532-1722 eftir krist, 555-777 eftir krist eða 793-1050 eftir krist?

Svar: 793-1050 eftir krist.

115. Hét maðurinn Hrafna Flóki sem gaf Íslandi nafn sitt?

Svar: Já.

116. Hvaða dýr var sagt þarfasti þjóninn fyrr á öldum?

Svar: Hestur.

117. Voru tréin á Íslandi hávaxin og hentug til byggingar þegar víkingar settust hér að?

Svar: Nei. (Tréin á Íslandi hafa alltaf verið frekar lítil og ekki þótt hentug sem byggingarefni).

118. Hvenær er talið að Alþingi hafi verið stofnað á Þingvöllum: 793-850-930-1050?

Svar: 930.

119. Hvenær kom kristni til Íslands: 999-1000-1001 eða 1002?

Svar: Árið 1000.

120. Frá 1220-1264 geisaði á Íslandi ófriðartími þar sem margir höfðingjar börðust innbirðis og meðal þeirra var Snorri Sturluson. Hvað er þessi tími eða öld kallaður?

Svar: Sturlungaöld.

121. Snorri Sturluson er einn merkasti maður Íslandssögunnar. Hver voru hans síðustu orð áður en hann var drepinn?

Svar: Eigið skal höggva.

122. Árið 1380 gekk Ísland inn í Danmörku frá Noregi, afhverju var það?

Svar: Danakonungur hafði fengið Ísland í arf.

123. Árið 1402-1404 dó um helmingur landsmanna af stórhættulegri pest sem hafði farið yfir Evrópu áður og drepið margar milljónir manna þar. Hvað hét þessi pest?

Svar: Svarti dauði.

124. Hvað heitir sundið á milli Danmerkur og Svíþjóðar?

Svar: Eyrarsund.

Bók: Söguevjan 2.hefti

125. Hvaða hét síðasti kaþólski biskupinn á Íslandi? (Hann var hálfshöggvinn)

Svar: Jón Arason.

126. Hvaða land var með einokunarverslun á Íslandi frá 1662-1787 og var stýrt af konungi sínum?

Svar: Danmörk.

127. Hverju kvörtuðu Íslendingar mest yfir þegar danskir kaupmenn voru með einokun á verslunarhætti á Íslandi?

Svar: Of hátt verð. (Danskir kaupmenn voru að selja vöruna sína of dýra).

128. Hvaða biskup á Íslandi stofnaði fyrstu prentsmiðju þjóðarinnar?

Svar: Jón Arason. (Biskup á Hólum).

129. Hallgrímur Pétursson er eitt mesta skáld okkar Íslendinga. Hvaða heitir frægasti sálmaflokkurinn sem hann samdi?

Svar: Passíusálmarnir.

130. Hversu stór hluti af íslensku þjóðinni var læs árið 1741 samkvæmt dönskum presti sem hét Ludvig Harboe: 10%,25%, 50% eða 75% landsmanna?

Svar: 50% landsmanna.

131. Móðurharðindin gengur yfir landið á árunum 1783-1785 og dóu margir landsmenn. Veistu hversu stór hluti þjóðarinnar dó á þessum tíma: 5%, 10%, 15%, 20% eða 25%?

Svar: 20%.

132. Hvenær kom iðnbyltingin til Íslands: Um 1800, 1850,1900 eða um 1950?

Svar: Um 1900.

133. Hvað var fyrsta gata Reykjavíkur kölluð nefnd?

Svar: Aðalstræti.

134. Hverjir voru helstu andstæðingar Frakka í Napóleón stríðunum?

Svar: Bretar/England.

135. Hvaða Íslendingur mótmælti sendiboða Danakonungs og í kjölfarið sögðu allir íslensku embættismennirnir „Vér mótmælum allir“?

Svar: Jón Sigurðsson.

136. Hvaða land er sagt land tækifæranna og þúsundir Íslendinga fluttu þangað á árunum 1870-1914?

Svar: Bandaríkin.

Bók: Sögueyjan 3.hluti

137. Hvaða skip voru það sem notuðu botnvörpu?

Svar: Togarar.

138. Hvar var fyrsta, íslenska nútímahöfnin byggð árið 1913-1917 sem gat tekið við togurum?

Svar: Í Reykjavík.

139. Hver var fyrsti bankinn á Íslandi: Íslandsbanki, Landsbankinn, Arionbanki eða sveitabankinn?

Svar: Landsbankinn.

140. Hvenær byrjaði fyrri heimsstyrjöldin, 1914,1918,1938 eða 1944?

Svar: 1914.

141. Árið 1914 var stofnað Eimskipafélag Íslands og sá það um millilandasiglingar til og frá Íslandi. Hvað hétu fyrstu tvö skipin sem Eimskipafélagið keypti: Baldur og Óli, Gullfoss og Geysir, Goðafoss og Geysir eða Gullfoss og Goðafoss?

Svar: Gullfoss og Goðafoss.

142. Árið 1915 voru margar konur saman komnar í miðbæ Reykjavíkur og voru þær að fagna stórum tímamótum í lífi kvenna á Íslandi. Hvaða tímamót voru þetta?

Svar: Konur voru að fá kosningarétt í fyrsta skipti.

143. Hvaða ár varð Ísland lýðræðisríki: 1938,1918 eða 1944?

Svar: 1944.

144. Hvaða ár var fyrsta konan (Ingibjörg H. Bjarnadóttir) kosin á Alþingi?

Svar: 1922.

145. Hvaða ár var Framsóknarflokkurinn stofnaður: 1985,1900,1916 eða 1995?

Svar: 1916.

146. Hvaða ár var Sjálfstæðisflokkurinn stofnaður: 1944, 1918, 1985 eða 1929?

Svar: 1929.

147. Hvort voru það Bandaríkjamenn eða Bretar sem komu fyrstir til Íslands til að verja landið í síðari heimsstyrjöldinni?

Svar: Bretar.

148. Hversu margir Íslendingar dóu í seinni heimsstyrjöldinni, 1000, 150, 5000 eða 250?

Svar: Um 150.

149. Hvaða þjóð barðist við Ísland í Þorrskastríðinu: Frakkar, Bandaríkjamenn, Japanir eða Bretar?

Svar: Bretar.

150. Hverjir byggðu Keflavíkurflugvöll?

Svar: Bandaríkjamenn.

151. Hvað heitir fyrsti og eini kvenforsetinn á Íslandi?

Svar: Vigdís Finnbogadóttir.

152. Hvaða ár hrundi bankakerfið á Íslandi: 2000,2008,2010 eða 2011?

Svar: Árið 2008.

7.2.6 Spurningar fyrir unglíngastig

Bók: Sögueyjan 1-2 og 3 hluti

1. Hvað hét landsnámsmaðurinn sem varpaði öndvegissúlunum þegar hann kom að Íslandi og tók land í Reykjavík?

Svar: Ingólfur Arnarsson.

2. Hvar var Alþingi stofnað á Íslandi árið 930?

Svar: Þingvöllum.

3. Hvað hét maðurinn sem lögleiddi Kristni á Alþingi?

Svar: Þorgeir Ljósvetningagoði.

4. Er heiðni Fjölgyðistrú eða eingyðistrú?

Svar: Fjölgyðistrú.

5. Hvað hét höfðinginn sem stýrði 70 manna flokki og réðst gegn Snorra Sturlusyni og tók líf hans?

Svar: Gissur Þorvaldsson.

6. Hvaða hétu þrjár stærstu og mannskæðustu bardagar Íslandssögunnar?

Svar: Flóabardagi, Haugnesbardagi og Örygsstaðabardagi.

7. Hvað hét þýski munkurinn sem mótmælti kirkjunni með skjali sem hann hengdi á kirkjuhurð?

Svar: Martin Luther.

8. Á Íslandi, fyrir siðaskipti voru tveir kaþólskir biskupar starfandi. Hvar höfðu þeir aðsetur?

Svar: Á Hólum í Hjaltadal og í Skálholti.

9. Í brunanum mikla í Kaupmannahöfn árið 1728 bjargaði Árni Magnússon prófessor mörgum mikilvægum munum Íslendinga. Hvaða hlutir voru þetta?

Svar: Fornbækur og gömul handrit Íslendinga.

10. Í lok 18. aldar voru biskupsstólarnir á Hólum og í Skálholti lagðir niður og biskupsembættið var fært annað. Hvert?

Svar: Til Reykjavíkur.

11. Árið 1786 fengu sex staðir á Íslandi kaupstaðaréttindi. Nefndu 4 af þeim 6 stöðum

Svar: Reykjavík, Ísafjörður, Grundarfjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmanneyjar

12. Flestir íslenskir vesturfarar völdu að búa í Kanada frekar en Bandaríkjunum. Þeim var úthlutað svæði þar sem þeir máttu búa. Hvað var svæðið kallað?

Svar: Nýja Ísland.

13. Hvaða embætti tók Hannes Hafstein við árið 1904?

Svar: Hann gerðist ráðherra Íslands.

14. Hvaða ár braust fyrri heimstyrjöldin út?

Svar: 1914.

15. Hvaða ár öðlaðist Ísland fullveldi?

Svar: 1918.

16. Hver er elsti starfandi stjórnmálaflokkur Íslands?

Svar: Framsóknarflokkurinn.

17. Í hvaða flokki var Adolf Hitler?

Svar: Nasistaflokknum.

18. Hvaða tvö risaveldi tókust á í Kaldastríðinu?

Svar: Bandaríkjamenn og Rússar.

19. Hvað er fiskilögsaga Íslands margar mílur?

Svar: 200 mílur.

20. Árið 1973 skemmdust rúmlega 400 hús í vestmannaeyjum. Hvað olli því?

Svar: Eldgosið í Heimaey.

21. Árið 1966 var eitt af eftirfarandi stofnað: Ríkisútvarpið, ríkissjónvarpið eða fyrsta handboltafélag Íslands?

Svar: Ríkissjónvarpið.

22. Hvort er rauðsokkahreyfingin kvenna- eða karlahreyfing hér á landi?

Svar: Kvinnahreyfing.

23. Var Ísland í ESB árið 2012?

Svar: Nei.

Bók: Landafræði handa unglíngum, hefti 1 og 2

24. Ef klukkan er 12:00 á Íslandi að sumarlagi hvað er þá klukkan í New York?

Svar: 07:00.

25. Hvaða land sendi í fyrsta sinn gervitungl út í geim?

Svar: Sovétríkin/Rússland.

26. Hvað hét fyrsti maðurinn sem fór út í geim: Neil Armstrong, Júrí Gagarín eða Buss Lightyear?

Svar: Júrí Gagarín.

27. Hvaða maður steig fyrstur á tunglið?

Svar: Neil Armstrong.

28. Hvað heitir hæsta fjall jarðar?

Svar: Mount Everest.

29. Í hvaða heimsálfu er Mount Everest, hæsta fjall jarðar?

Svar: Asíu.

30. Það eru þrjú hvolf sem vernda jörðina. Hvað heita þessi hvolf: Veðrahvolf, háhvolf og hæstahvolf, veðrahvolf, háhvolf og geimhvolf eða veðrahvolf, heiðhvolf og jónhvolf?

Svar: Veðrahvolf, heiðhvolf og jónhvolf.

31. Hvað heitir stærsta eyðimörk jarðar?

Svar: Sahara eyðimörkin.

32. Hvað heitir stærsti regnskógur jarðar?

Svar: Amason frumskógurinn.

33. Amason frumskógurinn í Suður-Ameríku nær yfir níu lönd, nefndu þrjú.

Svar: Brasilía, Perú, Kolumbía, Venesúela, Ekvador, Bólivía, Gvæjana, Súrinam og Franska Gvæjana.

34. Hvaða tvö lönd eru fjölmennust á jörðinni?

Svar: Kína og Indland.

35. Hvaða borg er bæði í Evrópu og Asíu?

Svar: Istanbul.

36. Hvað heitir hæsta fjall Afríku?

Svar: Kilimanjaro.

37. Í hvaða heimsálfu er Egyptaland?

Svar: Afríku.

38. Í hvaða heimsálfu er Mexico?

Svar: Norður Ameríku.

39. Í hvaða heimsálfu er Grænland?

Svar: Norður Ameríku.

40. Í hvaða heimsálfu er Ísrael?

Svar: Asíu.

41. Hvað heitir höfuðborg Ástralíu?

Svar: Canberra.

42. Hvort lifir keisaramörgæsin á norður- eða suðurhveli jarðar?

Svar: Suðurhveli. (Nánar á suðurskautslandinu).

43. Hvað heitir stærsta fjót jarðar?

Svar: Amasonfljótið.

44. Í hvaða heimsálfu er Amasonfljótið mikla?

Svar: Suður Ameríku.

Bók: Samferða um söguna

45. Hvar áttu Neandarhalsmenn aðallega heima á jörðinni: Asíu, Afríku, Evrópu eða Ameríku?

Svar: Evrópu.

46. Í gegnum hvaða land rennur áin Níl?

Svar: Egyptaland.

47. Hvað fann Odysseyfur upp sem batt enda á Trójustríðið?

Svar: Trójuhestinn.

48. Alexander mikli var grískur herforingi sem sigraði gríðarlega mörg lönd í kringum 332 f. Kr. og dó mjög ungur. Hvað var hann gamall þegar hann dó: 21, 25, 30, 33 eða 35 ára?

Svar: 33 ára.

49. Hannibal var mikil herforingi um 200 f. Kr. og barðist við Rómverja. Hvaðan var Hannibal?

Svar: Karþagó.

50. Hvað er konungshöllinn í Frakklandi kölluð sem nú er orðin að safni?

Svar: Versalir.

51. Anna Frank var ung gyðingastúlka sem dó í síðari heimsstyrjöldinni en hún skildi eitt mjög merkilegt eftir sig sem lýsir því vel hvernig gyðingar höfðu það í heimsstyrjöldinni. Hvað var það?

Svar: Dagbók.

52. Hvaða Bandaríkjaforseti afnam þrælahald í Bandaríkjunum?

Svar: Abraham Lincoln.

53. Hvaða Bandaríkjaforseti var skotinn til bana í Dallas 1963?

Svar: John F. Kennedy.

54. Í hvaða landi er Taj Mahal?

Svar: Indlandi.

Bók: Um víða veröld

55. Hver er fjölmennasta borg Evrópu?

Svar: Moskva. (15 milljónir manna).

56. Hvaða lönd eiga landamæri að Spáni?

Svar: Portúgal, Andorra og Frakkland.

57. Hvaða lönd liggja að póllandi? (Nefnið fimm).

Svar: Þýskaland, Tékkland, Slóvakía, Úkranía, Hvíta Rússland, Litháen og Rússland.

58. Hvaða lönd eiga landamæri að Lúxemborg?

Svar: Frakkland, Belgía og Þýskaland.

59. Hvaða lönd eiga landamæri að Danmörku?

Svar: Þýskaland.

60. Hvað heitir höfuðborg Lúxemborg?

Svar: Lúxemborg.

61. Hvað þýðir orðið Himalaya?

Svar: Snjóheimur.

62. Hvað táknaði rauði bletturinn sem konur voru með á milli augnanna á sér í hindúasið hér fyrr á tímum? Í dag er þetta orðið tískuskraut hjá mörgum.

Svar: Það táknaði að þær væru giftar.

63. Í hvaða fljóti trúa hindúar að þeir geti hreinsað syndir sínar með því að baða sig í því?

Svar: Ganges fljótinu.

64. Hvað er Kínamúrinn langur? (Það má muna 500 km til eða frá).

Svar: Kínamúrinn er sagður vera um 7000 km langur.

65. Hvað heitir höfuðborg suður Kórea?

Svar: Seúl.

66. Frá hvaða landi er Nelson Mandela?

Svar: Suður Afríku.

67. Hvað heitir höfuðborg Egyptalands?

Svar: Kaíro.

68. Hvað eru mörg ríki í Afríku? (Rétt svar er á bilinu 47 og 59).

Svar: Í Afríku eru um 55 ríki.

69. Hvaða lönd eiga landamæri að Bandaríkjunum?

Svar: Kanada og Mexíkó.

70. Hvað eru mörg ríki í Bandaríkjunum?

Svar: 50.

71. Hæsti foss í heimi heitir Englafoss og hann er 979 metra langur. Í hvaða landi er þessi foss: Kína, Bandaríkjunum, Venesúela, Suður Afríku eða Noregi?

Svar: í Venesúela.

72. Hefur ríkisstjórnarfundur einhvern tímann verið haldinn neðansjávar? (Svarið með nei eða já).

Svar: Já í Maldíveyjum í eyjaálfu.

Bók: Styrjaldir og kreppa

73. Hvaða stóra farðegaskip var kallað „skipið sem gat ekki sokkið“?

Svar: Titanic.

74. Hvað hét erfðarprins Austurríska Ungverjalands sem var skotinn til bana 28. júní 1914?

Svar: Franz Ferdinand.

75. Versalasalningurinn var undirritaður eftir mikilvægan viðburð í sögu mannkyns. Hvaða viðburður var þetta og hvaða ár var hann undirritaður?

Svar: Eftir fyrri heimsstyrjöldina árið 1919.

76. Hvað kallast þau ríki sem æðsti maður ríkisins er kosinn sem forseti?

Svar: Lýðveldi.

77. Hvað kallast sá sem stjórnar samfélaginu einn og ræður einn hverjir stjórna?

Svar: Einvaldur/Einræðisherra.

78. Í hvaða flokki voru Vladimir Lenin og Jósef Stalin?

Svar: Í kommúnistaflokknum.

79. Hvað hét fyrsta verkamannafélag sem stofnað var í Reykjavík?

Svar: Dagsbrún.

80. Hefur einhverntíman verið kommúnistaflokkur á Íslandi?

Svar: Já.

81. Hver var forseti Bandaríkjanna þegar heimskreppan skall á árið 1929?

Svar: Herbert Hoover.

82. Hver var fyrstur til að taka færiband í notkun til fjöldaframleiðslu? (Nafn á manni eða fyrirtæki).

Svar: Henry Ford eða Ford.

83. Í hvaða borg Bandaríkjanna var glæpaforinginn Al Capone búsettur?

Svar: Chicago.

84. Á Íslandi árið 1908 var samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu að banna ákveðna vöru. Bannið tók gildi árið 1915. Hvaða vara var þetta?

Svar: Áfengi.

85. Hvaða ár varð Adolf Hitler ríkiskanslari í Þýskalandi?

Svar: Árið 1933.

86. Hvenær hófst seinni heimstyrjöldin?

Svar: Árið 1939.

87. Í Versalasalningnum var tekið fram að Þjóðverjar mættu bara hafa x marga hermenn til að verja landið sitt. Hvað voru það margir hermenn: 100 þúsund, 200 þúsund, 500 þúsund eða milljón?

Svar: 100 þúsund.

88. Hvaða lönd voru í Öxulveldunum í síðari heimstyrjöldinni? (Nefnið tvö af þremur).

Svar: Þýskaland, Ítalía og Japan.

89. Hvaða stórveldi töldust til Bandamanna í síðari heimstyrjöldinni? (Nefnið þrjú af sex).

Svar: Bretar, Frakkar, Bandaríkin, Sovétríkin, Rússar og Kínverjar.

90. Hvað kallast það þegar eitt ríki sendir her inn í annað ríki og tekur stjórn landsins með valdi?

Svar: Hernám.

91. Nefndu einn af þremur forsætisráðherrum Breta í síðari heimstyrjöldinni?

Svar: Winston Churchill, Clements Attlee eða Neville Chamberlaine.

92. Hvaða þjóð réðst á Bandaríkin 7. desember árið 1941?

Svar: Japanir.

93. Á hvaða tvær borgir vörpuðu Bandaríkjamenn atómsprengju?

Svar: Hiroshima og Nagasaki.

94. Hvað voru gyðingahverfin kölluð hjá nasistum?

Svar: Gettó.

95. Nasistar söfnuðu gyðingum saman í margar fanga- og útrýmingabúðir, þar voru gyðingar látnir þræla og síðan teknir af lífi. Hvað kallaðist þessi herför gegn gyðingum?

Svar: Helförin.

Bók: Frelsi og velferð

96. Hvenær voru Sameinuðu þjóðirnar stofnaðar: Árið 1919, 1939, 1945, eða 1982.

Svar: Árið 1945.

97. Hvað hét einræðisherran á Kúbu sem nýlega dró sig í hlé?

Svar: Fidel Castro.

98. Tveimur flugvélum var flogið á tvíburaturnana í New York. Hvenær gerðist þetta? (Nefnið ár og dagsetningu)

Svar: 11. september 2001.

99. Gyðingum var úthlutað land eftir síðari heimsstyrjöldina í miðausturlöndum. Af hverjum var það land tekið sem þeir fengu?

Svar: Palistínúmönnum.

100. Hvað heita hryðjuverkasamtökin sem Osama Bin Laden stýrði?

Svar: Al Kaída.

101. Krossfarar fóru reglulega á miðöldum til lands sem kallað var „Landið“. Hvað heitir landið í dag og hvaða þjóð býr það?

Svar: Landið heitir Ísrael og þjóðin kallast Ísraelsþjóð.

102. Hvað heitir flóinn sem Íran, Írak, Kuwait, Sádí Arabía, Bahrain, Qatar og Sameinuðu Arabísku furstadæmin eru við?

Svar: Persaflói.

Bók: Maðurinn og trúin

103. Í hvaða borg er grátmúr gyðinga?

Svar: Jerúsalem.

104. Trúa gyðingar að Jesú sé sonur Guðs?

Svar: Nei.

105. Hver er mesta hátíð Gyðinga: Nýárshátíðin, jól, páskar eða hanukka?

Svar: Páskarnir.

106. Hvað heita bæna- og samkomuhús gyðinga?

Svar: Sýnagogur.

107. Hvað heita bæna- og samkomuhús kristinna manna?

Svar: Kirkja.

108. Hvað heitir helgirit kristinna manna?

Svar: Biblían.

109. Hver er mesta hátíð kristinna manna?

Svar: Jólin.

110. Hvað heita bæna og samkomuhús Islamsmanna?

Svar: Moskur.

111. Hvað heitir helgirit Islam?

Svar: Kóraninn.

112. Hvað heitir upphafsmaður Islam?

Svar: Múhameð.

113. Í hvaða landi eru Hindúar fyrst og fremst í heiminum?

Svar: Indlandi.

114. Hvað heita bæna- og samkomuhús Hindúisma?

Svar: Musteri.

115. Hvað heita bæna- og samkomuhús Búddisma?

Svar: Klaustur eða musteri.

116. Hvað þýðir orðið Búddha?

Svar: Hinn uppljómaði.

117. Hvort trúa gyðingar, íslam, búddistar eða kristnir menn á karma?

Svar: Búddistar.

Almennar spurningar

118. Hvert er minnsta spendýr sem lifir á Íslandi?

Svar: Húsamús.

119. Rétt eða rangt? Graftarbóla í húð myndast þegar svitakirtill stíflast svo að svitinn kemst ekki út úr honum.

Svar: Rangt. (Graftabóla er stíflaður svitakirtill).

120. Hvað einkennir höfin á tuglinu?

Svar: Höfin á tuglinu eru þurr sléttlendi. (Ekkert vatn í þeim).

121. Lokaðu augunum. Lýstu peysunni sem einstaklingurinn sem situr þér á hægri hönd klæðist.

Svar: Mismunandi.

122. Horfðu upp í loft. Hvernig eru sokkarnir þínir á litinn?

Svar: Mismunandi.

123. Hvernig er danski fáninn á litinn?

Svar: Rauður og hvítur.

124. Hvernig er Álandseyjafáninn á litinn?

Svar: Blár, rauður og gulur.

7.2.7 Spurningar fyrir fullorðna

1. Hvaða frægi prestur flutti eldmessuna frægu í upphafi móðurharðindanna?

Svar: Séra Jón Steingrímsson.

2. Árið 1627 var Tyrkjaránið framið á Íslandi. Hvaða tveir hafnarbærir fóru verst út úr ráninu?

Svar: Vestmanneyjar og Grindavík.

3. Hvenær fékk Reykjavík kaupstaðaréttindi?(Má skeika 5 árum til eða frá).

Svar: Árið 1786.

4. Danskur stríðsfangi að nafni Jörgen Jörgensen er betur þekktur á Íslandi undir öðru nafni. Hvaða nafn er það?

Svar: Jörundur hundadagakonungur.

5. Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson, gáfu allir saman út tímarit, hvað hét tímaritið?

Svar: Fjölirnir.

6. Hvað er talið að margir Íslendingar hafi farið til Ameríku á árunum 1870-1914? (Má muna um 2000 manns).

Svar: 14.000 manns.

7. Hvaða ár varð bjór aftur löglegur á Íslandi?

Svar: Árið 1989.

8. Hvenær kom fyrsta flugvélin til Íslands?

Svar: Árið 1919.

9. Hvað heitir dýpsta stöðuvatn í heiminum?

Svar: Bajkalvatn. (Í Rússlandi).

10. Hvenær er talið að Neanderthalsmennirnir hafi dái út:Fyrir 1 milljón ára, 500.000 árum eða 200.000 árum?

Svar: Fyrir 200.000 árum.

11. Hvert er lengsta fljót Evrópu?

Svar: Volga.

12. Hver var fyrsti forseti Bandaríkjanna?

Svar: Georg Washington.

13. Hvaða Bandaríkjaforseti kom með stefnuna “The New Deal” árið 1932 og bjargaði Bandaríkjamönnum út úr kreppunni?

Svar: Franklin D. Roosevelt.

14. Hvað hétu leiðtogar Bandaríkjanna og Rússlands sem hittust í Reykjavík árið 1968?

Svar: Ronald Regan og Mikhail Gorbatsov.

15. Hvað hét forustumaður Palestínumanna sem fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1994 ásamt Yitzhak Rabin?

Svar: Yasir Arafat.

16. Hvaða Bandaríkjaforseti er sá eini sem hefur setið þrjú kjörtímabil?

Svar: Franklin D. Roosevelt.

17. Hvað er hringvegurinn langur með þjóðvegi eitt í kringum Ísland ?

Svar: Um 1333 km.

Spurt að leikslökum (spil)

18. Fyrir hvað stendur skammstöfunin SÁÁ?

Svar: Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

19. Í Grímsnesi er sporöskjulega gígur. Niðri í honum er tjörn. Hvað kallast þessi gígur?

Svar: Kerið.

20. Í hvaða fjöllum er eldfjallið Askja?

Svar: Dyngjufjöllum.

21. Hvers konar verkfæri er stundum kallað spóakjafur?

Svar: Töng.

22. Öskudagur kemur alltaf upp á sama vikudegi ár hvert. Hver er sá vikudagur?

Svar: Miðvikudagur.

23. Hvort er stærra að flatarmáli: Apavatn eða Mývatn?

Svar: Mývatn.

24. Hvaða ár opnaði Kringlan: 1986, 1987 eða 1988?

Svar: 1987.

25. Hvaða bær er yst á Þórsnesi, á norðanverðu Snæfellsnesi?

Svar: Stykkishólmur.

26. Árið 1402 barst hræðilegur sjúkdómur til Íslands sem hafði lengi herjað á íbúa meginlands Evrópu. Hvaða sjúkdómur var þetta?

Svar: Svarti dauði.

27. Í hvaða sveit gerist kvikmyndin Dalalíf?

Svar: Í Kjósinni.

28. Hvað hét eiginkona landnámsmannsins Ingólfs Arnarssonar?

Svar: Hallveig Fróðadóttir.

29. Hver er vatnsmesta á á Íslandi?

Svar: Ölfusá.

30. Hvar bjó Snorri Sturluson þegar hann var drepinn árið 1241?

Svar: Í Reykholti.

31. Foss einn rennur undir Eyjafjöllum. Hann rennur um Tröllkonugil og fellur úr um 60 metra hæð. Hvað heitir þessi foss?

Svar: Seljalandsfoss.

32. Í hvaða sveitafélagi búa Selfyssingar?

Svar: Árborg.

33. Hvor er sunnar, Fáskrúðsfjörður eða Reyðarfjörður?

Svar: Fáskrúðsfjörður.

34. „Skaltu þetta muna, vesæll maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig“. Þetta er fræg setning úr vinsælli Íslendingasögu. Hverri?

Svar: Gísla sögu Súrssonar.

35. Hvort er dýpra: Öskjuvatn eða Þingvallavatn?

Svar: Öskjuvatn.

36. Hvaða ár hófust framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun: 2001, 2002 eða 2004?

Svar: 2002.

37. Í hvaða á er Gullfoss?

Svar: Hvítá.

Fróðleikur (spil)

38. Í hvaða fjöllum er Askja: Tindfjöllum, Kverkfjöllum eða Dyngjufjöllum?

Svar: Í Dyngjufjöllum.

39. Hvaða leikhús var tekið í notkun í Reykjavík 24. október 1989?

Svar: Borgarleikhúsið.

40. Hvað heitir eyjan við San Fransisco þar sem er að finna samnefnt fangelsi?

Svar: Alcatraz.

41. Hvað heitir hverasvæðið norðan undir Kjalhrauni, milli Hofsjökuls og Langjökuls?

Svar: Hveravellir.

42. Hvað heita fjallstindarnir á milli Þingvalla og Hvalfjarðar?

Svar: Botnsúlur.

43. Hvað er Hallgrímskirkja há?

Svar: 74,5 metrar (rétt svar á bilinu 73-76).

44. Hverjir gáfu Íslendingum styttuna af Leifi heppna sem stendur fyrir framan Hallgrímskirkju í Reykjavík?

Svar: Bandaríkjamenn.

45. Með hverju voru flest hús í Reykjavík hituð upp árið 1930?

Svar: Með kolum.

46. Inn úr Ísafjarðardjúpi ganga fjölmargir firðir. Hver þeirra teygir sig lengst til suðurs: Mjóifjörður, Álftafjörður eða Ísafjörður?

Svar: Ísafjörður.

47. Hvaða tvær ár mynda Ölfusá?

Svar: Sog og Hvítá.

48. Í hvaða á er Dettifoss?

Svar: Jökulsá á Fjöllum.

49. Hver eftirtalinna skóla er elstur: Menntaskólinn í Reykjavík, Húsmæðraskólinn á Laugarvatni eða Verslunarskóli Íslands?

Svar: Menntaskólinn í Reykjavík.

50. Hvort er meiri úrkoma á Suðurskautlandinu eða í Sahara?

Svar: Í Sahara.

51. Hversu mörg tungumál eru töluð á Indlandi: 50,100 eða 200?

Svar: 200.

52. Í hvaða landi er úrkomumesti staður á jörðinni: Brasilíu, Íslandi, Indlandi eða Sair?

Svar: Á Indlandi.

53. Í hvaða landi er Torg hins himneska friðar?

Svar: Kína.

54. Hver er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar?

Svar: 17. júní (1811).

55. Hvað heitir annar stærsti hverinn á Geysissvæðinu?

Svar: Strokkur.

56. Í Hallmundarhrauni norðan við Húsafell er stærsti og þekktasti hraunhellir á Íslandi, 1310 metrar langur. Hvað heitir hann?

Svar: Surtshellir.

57. Hvað heitir sundið á milli Danmerkur og Svíðþjóðar?

Svar: Eyrarsund.

58. Í hvaða heimsálfu er Grænland?

Svar: Í Norður-Ameríku.

59. Hvaða flugutegund er algengust í freðmýrum að sumarlagi?

Svar: Mýfluga.

60. Í hvaða landi Evrópu eru tvö stærstu vötnin í heimsálfunni?

Svar: Rússlandi.

61. Hvaða ár hófst Vestmannaeyjagosið?

Svar: 1973.

62. Hvaða land er stundum kallað þak heimsins?

Svar: Tíbet.

63. Hvað heitir hæsta fjall Asíu?

Svar: Mount Everest.

64. Árið 1921 var stofnað íslenskt heiðursmerki. Hvað heitir það?

Svar: Fálkaorðan.

65. Hverjir hernámu Ísland upphaflega í seinni heimsstyrjöldinni?

Svar: Bretar.

66. Hvaða ár lauk seinni heimsstyrjöldinni?

Svar: 1945.

67. Hvaða ár steig fyrsti maðurinn fæti sínum á tunglið: Árið 1959, 1965 eða 1969?

Svar: 1969.

68. Árið 1904 fengu Íslendingar sinn fyrsta ráðherra. Hver var það?

Svar: Hannes Hafstein.

69. Til hvaða borgar Evrópu sóttu flestir íslenskir menntamenn menntun sína á 18. og 19. öld?

Svar: Kaupmannahafnar.

70. Hvaða þrjú lönd eiga landamæri sín að Finnlandi?

Svar: Noregur, Svíþjóð og Rússland.

71. Við hvaða fjörð stendur þorpið Kópasker: Öxarfjörð, Breiðafjörð eða Kópafjörð?

Svar: Öxarfjörð.

72. Hvort er áin Blanda bergvatnsá eða jökulá?

Svar: Jökulá.

73. Hvað hét stríðsguð Rómverja: Herkúles, Júpíter eða Mars?

Svar: Mars.

74. Hver var keisari Rómaveldis þegar Jesú fæddist?

Svar: Ágústus.

75. Hvaða á rennur í gegnum Akureyri?

Svar: Glerá.

76. Hvaða bæjarfélag er fyrir vestan Reykjavík?

Svar: Seltjarnarnes.

77. Í hvaða landshluta á Íslandi eru jarðskjálftar algengastir?

Svar: Á Suðurlandi.

78. Hvað heitir fjallið sem er í norðri séð frá Selfossi?

Svar: Ingólfsfjall.

79. Í hvaða heimsálfu átti drepsóttin Svarti dauði uppruna sinn: Afríku, Suður-Ameríku, Evrópu eða Asíu?

Svar: Í Asíu.

80. Hvaða ár er talið að Alþingi hafi verið stofnað?

Svar: Árið 930.

81. Hvað heitir eini jökullinn sem sést frá Seltjarnarnesi?

Svar: Snæfellsjökull.

82. Hvert er æðsta embætti ásatrúarmanna á Íslandi?

Svar: Allsherjargoði.

83. Katla nefnist ein þekktasta gosstöð landsins. Í hvaða jökli er hún?

Svar: Í Mýrdalsjökli.

84. Hvort er Akranes með snjóléttari eða snjóþyngri stöðum landsins?

Svar: Snjóléttari.

85. Í hvaða landi er súkkulaðikexið Prins Póló framleitt: Póllandi, Íslandi eða í Bandaríkjunum?

Svar: Í Póllandi.

86. Hvaða heimsálfu kölluðu Íslendingar fyrr á öldum Vínland hið góða?

Svar: Norður-Ameríku.

87. Hvað nefnast helgisamkomur ásatrúamanna?

Svar: Blót.

88. Hvenær var fyrsti nútímabíllinn smíðaður og prufukeyrður? Bíllinn var smíðaður í Þýskalandi af Karls Benz.

Svar: Árið 1885. (Má muna 10 árum til eða frá).

89. Var krýndur þorskur á skjaldamerki Íslands á 18. öld?

Svar: Já.

90. Hver eru Eystrasaltslöndin svonefndu?

Svar: Eistland, Lettland og Litháen.

91. Hvers lenskur var Johann Vaaleer, maðurinn sem fann upp bréfaklemmuna?

Svar: Norskur.

92. Í hvaða Evrópulandi er stærsta eyðimörkin?

Svar: Íslandi. (Sprengisandur).

93. Hversu hátt hlutfall íbúa jarðar búa í Asíu: 45, 55 eða 65 prósent?

Svar: 55 prósent.

94. Hver var fyrsti íslenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu?

Svar: Albert Guðmundsson.

95. Til hvaða landshluta á Íslandi berst hafísinn oftast fyrst?

Svar: Vestfjarða.

Almennt

96. Botnaðu laglínuna: Ég á líf, ég á líf _____

Svar: Yfir erfiðleika svíf.

97. Hversu oft hefur Ísland unnið Eurovision?

Svar: Aldrei.

98. Hvaða fótboltið er þekkt fyrir Tiki taka fótbolta?

Svar: Fótboltið Barcelona.

99. Hvaða enska félagshlið vann þrennuna árið 1999?

Svar: Manchester united.

100. Hver er nyrsta byggða eyja Íslands?

Svar: Grímsey.

101. Hvað heitir söngvarinn sem syngur Eurovisionlagið *Ég á líf*?

Svar: Eyþór Ingi Gunnlaugsson.

102. Ísland er á skilum tveggja fleka. Hvað heita þessir flekar?

Svar: Norður-Ameríkuflekinn og Evrasíuflekinn.

103. Hvaða borg er kölluð „The Big Apple“?

Svar: New York.

104. Botnaðu málsháttinn: Allir vilja elli bíða_____

Svar: En enginn hennar mein líða.

105. Botnaðu málsháttinn: Eigi leyna augu_____

Svar: Ef ann kona manni.

106. Botnaðu málsháttinn: Sjaldan veldur einn_____

Svar: Þá tveir deila.

107. Hvað hafa hjón verið gift lengi sem halda upp á silfurbrúðkaup: 20,25 eða 50?

Svar: 25 ár.

108. Hvað hafa hjón verið gift lengi sem halda upp á pappírbrúðkaup?

Svar: Eitt ár.

109. Hvaða saga segir frá riddurum hringstigans í Reglu rauða drekans og sumarævintýrum þeirra?

Svar: Benjamín dúfa.

110. Hvað hafa hjón verið gift lengi sem halda upp á sykurbrúðkaup?

Svar: 6 ár.

Suðurland

1. Hver er lengsta á Suðurlands?

Svar: Þjórsá

2. Hvert er hæsta fjall Suðurlands?

Svar: Eyjafjallajökull.

3. Hvenær gaus Eyjafjallajökull síðast fyrir árið 2013?

Svar: Árið 2010.

4. Hver er vatnsmesta á Suðurlands?

Svar: Ölfusá.

5. Hvað heitir lengsta brú landssins og er staðsett á Suðurlandi?

Svar: Skeiðarárbrú.

6. Hvaða skip siglir frá Landeyjarhöfn yfir til Vestmannaeyja?

Svar: Herjólfur.

7. Hvað eru Vestmannaeyjar margar?

Svar: 14.

8. Hver er þekktasti foss Íslands?

Svar: Gullfoss.

9. Hvað hétu tvær af þremur stærstu ættunum á Suðurlandi á Sturlungaöld?

Svar: Oddverjar, Haukdælir og Sturlungar

10. Hvar er að finna stærstu skíðaaðstöðu landsins?

Svar: Í Bláfjöllum.

11. Hvar er stærsta svepparæktun landsins?

Svar: Á Flúðum.

12. Hver er hæsti foss Suðurlands? (Fossinn er 122 metrar)

Svar: Háifoss.

13. Hvaða frægi sunnlendingar mælti þessi orð eftir að hann var sendur í útleigð; „fögur er hlíðin“?

Svar: Gunnar á Hlíðarenda.

14. Hvert er elsta knattspyrnulið Íslands?

Svar: KR.

15. Hvað heitir Íþróttafélagið á Flúðum í Hrunamannahreppi?

Svar: Hrunamenn.

16. Hvar er Almannagjá staðsett?

Svar: Á Þingvöllum.

17. Hvað heitir frægasta eldfjall Suðurlands?

Svar: Hekla.

18. Hvaða á fellur úr Þingvallarvatni?

Svar: Sogið.

19. Býr forsetinn í höfuðborg Íslands?

Svar: Nei.

20. Hvert er stærsta vatn á Suðurlandi?

Svar: Þórisvatn.

21. Hvaða gígur er 55 m djúpur, er í Grímsnesi og niðri í honum er tjörn?

Svar: Kerið.

22. Hvar er elsti barnaskólinn á landinu og hefur starfað óslitið í um 158 ár frá og með árinu 2013?

Svar: Eyrabakka.

23. Spurt er um syðsta kauptún landsins. Þetta er eina þorpið á Suðurlandi sem stendur við sjó en hefur ekki höfn eða bryggju, hvaða staður er þetta?

Svar: Vík í Mýrdal.

24. Hvaða á rennur í gegnum Selfoss?

Svar: Ölfusá.

25. Hvað heitir syðsta eyjan við Ísland?

Svar: Surtsey.

26. Hvað heitir stærsta eyjan við Ísland?

Svar: Heimaey.

27. Hvaða fræga foss á Suðurlandi er hægt að ganga á bakvið?

Svar: Seljalandsfoss.

28. Hvað heitir íþróttafélagið í Hveragerði?

Svar: Hamar.

29. Hvað heitir íþróttafélagið í Vestmannaeyjum?

Svar: ÍBV

30. Fyrir hvað stendur ÍBV sem er íþróttafélag í Vestmannaeyjum?

Svar: Íþróttabandalag Vestmannaeyja.

31. Hvaða sveitafélagi tilheyrir Selfoss?

Svar: Árborg.

32. Við hvaða þorp stendur Systrastapi?

Svar: Kirkjubæjarklaustur.

33. Hvar er goshverinn Geysir staðsettur?

Svar: Í Haukadal.

34. Hvaða tvær ár sameinast og mynda Ölfusá?

Svar: Hvítá og Sogið.

35. Hvaða byggðarkjarni er þekktur fyrir mikla kartöflurækt?

Svar: Þykkvibær.

36. Hvaða sveitafélag er á milli Selfoss og Hvolsvallar?

Svar: Hella.

37. Hvað heitir stærsta fangelsi á Íslandi, staðsett á Suðurlandi?

Svar: Litla Hraun.

38. Er Raufarhöfn á Suðurlandi?

Svar: Nei.

39. Hvað heitir mjólkurbúið á Selfossi?

Svar: Mjólkurbú Flóamanna.